# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

215. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 13. SEPTEMBER 2017





**Hátíð í bæ** Ys og þys var í Smáranum í Kópavogi í gær þar sem verið var að undirbúa Íslensku sjávarútvegssýninguna sem verður opnuð þar og í Fífunni í dag. Um 500 fyrirtæki, vörur og vörumerki frá 22 löndum verða á sýningunni og stendur hún fram á föstudag. „Margir þeirra njóta mikillar virðingar um heim allan,“ segir í kynningu um nýja sýnendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sigur Rós leitar að 35 milljónum



**VIÐSKIPTI** „Það er visst vandamál þarna og við erum að reyna að leysa það með Hörpu,“ segir Georg Holm, bassaleikari Sigur Rósar, en 35 milljónir króna af miðasölu vegna væntanlegrar tónleikaraðar hljómsveitarinnar í Hörpu virðast hafa ratað í rangar hendur frá Svanhildi Konráðsdóttur, forstjóra tónlistarhússins. Hún vill ekki tjá sig um málið. –smj / sjá síðu 2

# Vogunarsjóðir í Arion mega eiga virkan hlut

**Vogunarsjóðum verður heimilað að fara með virkan eignarhlut. FME mun brátt ljúka hæfismati. Unnið að samkomulagi um endurskoðun á ákvæði ríkisins.**

**VIÐSKIPTI** Vogunarsjóðirnir Taconic Capital og Attestor Capital, sem eiga hvor um sig 9,99 prósenta hlut í Arion banka, verða metnir hæfir til að fara með virkan eignarhlut í bankanum.

FME er að leggja lokahönd á hæfismat sitt á sjóðunum en niðurstaða þess, sem ætti að birtast í þessari eða næstu viku, verður sú að þeim sé heimilt að eiga beint og óbeint samanlagt meira en tíu prósenta hlut í Arion banka, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sjóðirnir eru einnig stærstu hluthafar Kaupþings sem á 58 prósenta hlut í bankanum.

Samhliða því að sjóðirnir verða metnir hæfir eigendur munu þeir í kjölfarið fá atkvæðarétt í samræmi við hlutafjáreign sína í Arion banka.

Fyrirhugað útboð og skráning Arion ræðst meðal annars af því að stjórnvöld falli frá því að nýta sér mögulegan forkaupsrétt ef bankinn yrði seldur á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé. Að öðrum kosti er talið óframkvæmanlegt að halda slíkt útboð þar sem forkaupsréttur-inn myndi skapa óvissu og aftra áhugasömum fjárfestum frá þátttöku.

Fulltrúar Kaupþings hafa síðustu tvær vikur, samkvæmt heimildum, fundað með forystumönnum stjórnvalda og embættismönnum þar sem unnið er að því að ná samkomulagi um endurskoðun á ákvæðinu um forkaupsrétt ríkisins að Arion banka. – hae / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Davíð Gíslason fjallar um áhrif myglu. 13

**SPORT** Alfreð Finnbogason hefur byrjað tímabilið af krafti. 14



**LÍFIÐ** Í dag er fyrirtaka í máli Þorsteins Stephensen gegn tónlistarhátíðinni Secret Solstice en málið snýst um ágreining um uppgjör á reikningum. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- FÓLK
- SJÁVARÚTVEGSÝNING 2017


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


LYFJA – Lífið heil

Heilsutjútt 6.–17. september

Settu heilsuna í fyrsta sæti í vetur.

Allt að 30% AFSLÁTTUR af heilsuvörum

lyfja.is – Netverslun

## Veður




Norðlæg átt 8-13 m/s og víða líkur á sólríku veðri, en hvassviðri austast. Vætusamt á NA- og A-landi og slydda til fjalla. Hiti 3 til 12 stig yfir daginn. SJÁ SÍÐU 18

# Fjárlagafrumvarp á fyrsta degi



„Það er getið um græna skatta í stjórnarsáttmála,“ segir Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra sem hyggst auka tekjur ríkisins um fjóra milljarða króna með hækkun kolefnisgjalds. Alþingi kom saman í gær eftir sumarfrí. Líkt og venja hefur verið hófst þingsetningarathöfnin með guðsþjónustu í Dómkirkjunni þar sem forsetinn, þingmenn og ráðherrar meðtóku boðskap biskups fyrir komandi vetur. Sjá síður 8 og 10 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Höldum áfram segir Solberg

**NOREGUR** Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, segir tveggja flokka minnihlutastjórn flokks síns, Hægriflokksins, með Framfaraflokknum, geta haldið samstarfi sínu áfram.

Ljóst er að ríkisstjórn Solberg heldur eftir kosningar mánudagsins en stjórnin naut stuðnings Kristilega þjóðarflokksins og Venstre á síðasta kjörtímabili. Fékk ríkisstjórnin samtals 89 sæti af 169 á norska þinginu.

Solberg neitar að segja hvort ríkisstjórnin verði stækkuð með aðkomu minni flokkanna tveggja.

Óljóst er hvort stuðningsflokkarnir tveir vilji vinna áfram með Framfaraflokknum. Kristilegi þjóðarflokkurinn myndi heldur kjósa mið-hægristjórn og Trine Skei Grande, formaður Venstre, vill svokallaða blágræna stjórn. – þea

## Nýjar þvinganir sagðar ólöglegar

**NORÐUR-KÓREA** Yfirvöld í Norður-Kóreu sögðu í gær nýjar þvinganir sem Sameinuðu þjóðirnar ætla að beita gegn ríkinu vera ólöglegar.

„Í staðinn fyrir að beita rökhugsun hefur harðstjórnin í Washington loksins ákveðið að beita pólitísku, efnahagslegu og hernaðarlegu valdi vegna þráhyggju sinnar um að snúa kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu við. Áætlun sem nú þegar hefur gengið upp,“ sagði Han Tae Song, sendiherra ríkisins hjá Sameinuðu þjóðunum.

Bandaríkin lögðu upphaflega til enn harðari aðgerðir gegn Norður-Kóreu en samþykktar voru. – þea



Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu

## iPhone X þekkir ásjónu þína

**TÆKNI** Skjárinn á nýjasta meðlim Apple fjölskyldunnar, iPhone X, mun ná yfir alla framhlið hans. Því verður heimatakkinn á bak og burt og andlit notandans verður notað til að aflæsa símanum. Síminn var kynntur með pompi og prakt í gær.

Að sögn tæknirisans er nýja aflæsingarleiðin mun öruggari en sú sem nú þekkist og mun hún ekki láta blekkjast af ljósmyndum eða grímum.

Hleðslusnúran hverfur einnig á braut en þess í stað verður síminn hlaðinn þráðlaust á þar til gerði hleðslustöð. Hægt verður að hlaða önnur tæki fyrirtækisins á sömu stöð.

Síminn er væntanlegur í verslanir vestanhafs í upphafi nóvembermánaðar. Hann mun koma til með að vera nokkuð dýrari en forverar sínir og kosta um þúsund dali, andvirði rúmlega hundruð þúsund íslenskra króna. Ekki liggur fyrir hvenær hann kemur hingað til lands. – jóe






# Sakna tuga milljóna úr miðasölu hjá Sigur Rós

**Ríflega 30 milljónir króna af miðasölu tónleikaraðar Sigur Rósar í Hörpu í desember eru horfnar. Ábyrgðarmaður tónleikanna fékk fyrirframgreiðslu hjá Hörpu. Það þykir óeðlilegt enda hafi ekki verið haft samráð við hljómsveitina.**

**VIÐSKIPTI** Alvarlegt mál er komið upp vegna fyrirhugaðrar tónleikaraðar hljómsveitarinnar Sigur Rósar í Hörpu þar sem tugir milljóna úr miðasölu tónleikanna eru horfnir. Liðsmaður Sigur Rósar staðfestir að ákveðið vandamál hafi komið upp en unnið sé að því að leysa það. Forstjóri Hörpu segir að það sé ófrávíkjanleg regla að ræða ekki einstaka viðskipti eða viðburði.

Heimildir Fréttablaðsins herma að tónleikahaldari, einstaklingur sem unnið hefur náið með hljómsveitinni um árabil, hafi fengið 35 milljóna króna fyrirframgreiðslu af miðasölu tónleikanna hjá forstjóra Hörpu, Svanhildi Konráðsdóttur. Þeim peningum virðist tónleikahaldarinn síðan hafa ráðstafað í annað sem er viðburðinum og hljómsveitinni með öllu óviðkomandi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir ráðstöfunin afar óeðlileg enda hafi hvorki samráð né samband verið haft við meðlimi sveitarinnar vegna hennar, og hafi þeir frétt af málinu út undan sér.

Þá leiki verulegur vafi á því hvort forstjórinn hafi haft heimild til að greiða peningana út eða ábyrgðarmaður tónleikanna haft heimild til að óska eftir þeim og ráðstafa að vild enda hafi gjörningurinn verið gerður þvert á ráðleggingar annars starfsfólks í Hörpu.

Komin er upp sú staða að milljónatugirnir finnast ekki, illa hefur gengið að fá þá til baka og Harpa ekki viljað ábyrgjast upphæðina sem greidd var út.

Sigur Rós á að koma fram á fernum tónleikum í lok desember undir yfirskriftinni Norður og niður, en heimildir Fréttablaðsins herma að málið hafi skapað mikla óvissu um hvort þeir geti farið fram.

Tónleikahaldaranum hefur verið gert að segja sig frá verkefninu og annar einstaklingur fenginn til að taka við.



Til stendur að Sigur Rós haldi ferna tónleika í Hörpu í desember. Dularfullir fjármálagjörningar hafa þó sett svartan blett á aðdragandann. NORDICPHOTOS/GETTY

> Það er visst vandamál þarna og við erum að reyna að leysa það með Hörpu.
>
> Georg Holm, bassaleikari Sigur Rósar



Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, segir aðspurð um málið og sinn þátt í því að það sé grundvallaratriði þar á bæ að tjá sig ekki um einstaka viðburði, viðskiptamenn eða samskipti við þá.

Fréttablaðið leitaði viðbragða hjá Sigur Rós vegna málsins og staðfestir Georg Holm, bassaleikari hljómsveitarinnar, að vandamál hafi komið upp.

„Það er visst vandamál þarna og við erum að reyna að leysa það með Hörpu.“ Kveðst hann að öðru leyti ekki vilja tjá sig um málið.

Ekki náðist í tónleikahaldarann við vinnslu fréttarinnar.

mikael@frettabladid.is




## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Æskuvinir Róberts Downey mæltu með uppreist æru hans

**SAMFÉLAG** Lögfræðingur og tannlæknir, kennari og íþróttavöruframleiðandi kvittuðu undir meðmælabréf fyrir uppreist æru Róberts Downey. Gögn sem varða umsókn hans til innanríkisráðuneytisins voru birt í gær.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál kvað í gær upp úrskurð þess efnis að dómsmálaráðuneytinu væri skylt að afhenda gögnin. Var það gert á sjötta tímanum í gær. Kom þar fram að Gautur Elvar Gunnarsson, lögfræðingur og tannlæknir, kennarinn Viðar Marel Jóhannsson og Halldór Einarsson, oft kallaður Henson, hefðu lagt til meðmælabréf. Þeir eru æskuvinir Róberts.

„Dugnaður, ósérhlífni, hjálpsemi eru þau orð, sem koma upp í hugann, þegar lýsa á Róbert,“ segir meðal annars í bréfi Viðars Marels. – **jóe**

„Fyrr í sumar brugðust fjölmargir ókvæða við þegar kynferðisbrotamenn fengu uppreist æru eftir afplánun dóms. Engu skipti að stuðst var við lög og ríka hefð um framkvæmdina. Þetta skipti engu vegna þess að lagahugtakið uppreist æru þykir úrelt og villandi. Löngu er tímabært að það heyri sögunni til,“ sagði Guðni Th. Jóhannesson forseti við þingsetningu í gær.

„Við verðum að læra af biturri reynslu og bæta um betur. Sá ásetningur Alþingis og ríkisstjórnar að breyta ákvæðum laga um uppreist æru gefur mér von um að svo fari. Þá verður heiðurinn þeirra sem brotið var á og neituðu að bera harm sinn í hljóði.“



**Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands**

# Stofnendur United Silicon út í kuldann

**Driffjaðrirnar í stofnun United Silicon hafa misst stjórnarsæti og þriðjungshlut í verksmiðjunni. Fulltrúi hollenska fyrirtækisins Bit Fondel fer líklega úr stjórn á næstu dögum. Arion banki gekk að veðum, á nú 57 prósenta hlut og íhugar að kæra Magnús Garðarsson.**

**IÐNAÐUR** Útlit er fyrir að stjórn United Silicon muni einungis verða skipuð fulltrúum Arion banka og þeirra íslensku lífeyrissjóða sem fjárfestu í fyrirtækinu. Bankinn hefur gengið að veðum og tekið yfir hlutabréf stærsta eiganda verksmiðjunnar sem voru áður í eigu hollenskra félaga og stofnenda United Silicon.

Þeir hafa þar með misst nánast allt sitt hlutafé í kísilverinu. Doron Beeri Sanders, fyrrverandi stjórnarformaður verksmiðjunnar og núverandi fulltrúi hollenska hrávörufyrirtækisins Bit Fondel í stjórninni, sem hefur einkarétt á sölu á kísilmálmi fyrirtækisins í gegnum Silicon Mineral Ventures sem tók þátt í stofnun kísilversins, mun að öllum líkindum hverfa úr stjórninni á næstu dögum þegar boðað verður til hluthafafundar United Silicon.

„Arion banki er nú með 57 prósenta hlut eftir að hafa gengið að veðum í Kísil Íslandi, og tekið yfir hlutabréfin í United Silicon sem voru í eigu þess félags, en 67 prósenta atkvæðavægi. Næststærsti eigandinn er Kísill III en þar inni eru skuldabréfaeigendurnir, meðal annars Arion banki, og þeir eru með veð í hlutafé sem þeir hafa ekki gengið að, hvorki við né aðrir,“ segir Haraldur Guðni Eiðsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka.

Stjórn United Silicon var í byrjun ágúst skipuð fimm einstaklingum. Tveir þeirra, Friðbjörn Eiríkur Garðarsson lögmaður, einn af stofnendum United Silicon og hálfbróðir Magnúsar Garðarssonar, fyrrverandi forstjóra kísilversins, og Inga Birna Barkardóttir, hættu í stjórninni um tveimur vikum síðar. Eftir eru Jakob Bjarnason stjórnarformaður og Sigrún Ragna Ólafsdóttir, sem bæði njóta stuðnings Arion banka, og Doron Beeri Sanders, sem var stjórnarformaður félagsins frá stofnun þess og þangað til í byrjun ágúst.

Upplýsingar um eignarhald United Silicon hafa ekki legið á lausu þar sem hlutur Kísils Íslands hefur verið skráður á hollensk félög. Kísill Ísland átti í árslok 2016 um 37 prósenta hlut í fyrirtækinu sem Arion hefur nú tekið yfir. Kísill III, sem er í eigu bankans og íslenskra lífeyrissjóða sem fjárfestu í verkefninu með kaupum á skuldabréfum, átti þá 31 prósent. Arion banki, stærsti lánveitandi kísilversins, er eins og komið hefur fram með um átta milljarða útistandandi við United Silicon í lánsloforðum og ábyrgðum. Þar að auki hafði hann fært niður 16,3 prósenta hlut sinn í verksmiðjunni að fullu, áður en hann gekk að bréfum Kísils Íslands, sem var bókfærður á rétt tæpan einn milljarð króna.

„Þetta eru tímabundin yfirráð enda stendur til að endurskipuleggja félagið og vonandi fá inn nýja fjárfesta,“ segir Haraldur Guðni.

Stjórn United Silicon hefur líkt og komið hefur fram kært Magnús Garðarsson til embættis héraðssaksóknara. Hann hætti í stjórn kísilversins í mars og íhuga nú bæði Arion banki og lífeyrissjóðir í hluthafahópnum, þar á meðal Frjálsi lífeyrissjóðurinn og Festa, að kæra Magnús sem grunaður er um stórfelld auðgunarbrot.

**haraldur@frettabladid.is**



**Magnús Garðarsson, fyrrverandi forstjóri og hluthafi kísilversins, segir ekkert hæft í fullyrðingum stjórnar United Silicon um að hann hafi stundað stórfelld auðgunarbrot og skjalafals.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Þetta eru tímabundin yfirráð enda stendur til að endurskipuleggja félagið og vonandi fá inn nýja fjárfesta.**



Haraldur Guðni Eiðsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka

## „Kærður fyrir eitthvað meint brot sem ég get ekki ímyndað mér hvað er“

Magnús Garðarsson segir ásakanir á hendur honum tilhæfulausar. „Þetta er ekkert annað en mjög skítugur slagur um eignarhald að félaginu United Silicon, sem ég stofnaði árið 2014 og á stóran hlut í,“ segir í yfirlýsingu sem Magnús sendi frá sér síðdegis í gær.

Magnús segir Arion Banka hafa stýrt United Silicon síðan í vor, fé hafi vantað til að koma rekstrinum í lag. Bankinn og hluthafar í hópi með honum hafi að mestu komið með það fé en krafist valda í félaginu í staðinn og sett inn sína eigin stjórnarmenn. Magnús kveðst þá hafa gengið úr stjórninni.

„Bankinn stoppaði hins vegar ekki þar og hefur hann í síðustu viku reynt að taka hlutabréf okkar einstaklinga sem hafa fjárfest í félaginu. Nú í þessari viku hef ég verið kærður fyrir eitthvað meint brot, sem ég get ekki ímyndað mér hvað er, enda hef ég ekki heyrt neitt um málið fyrr en í gærkvöldi og þá í gegnum fjölmiðla.

Það er augljóst að Arion Banki er að reyna að koma mér í eins lélega stöðu og mögulegt er svo hann geti eignast allt félagið án þess að borga fyrir það. Þetta er með skítugustu brögðum sem ég hef séð beitt í viðskiptaheiminum.

Ég bíð eftir að heyra hver þessi meintu brot eru, svo ég geti varið mig og sannleikurinn komi fram. Ég er tilbúinn að vinna með stjórn félagsins og/eða héraðssaksóknara til að lýsa málinu frá öllu hliðum,“ segir í yfirlýsingu Magnúsar sem kveður óvægna umfjöllun hafa skaðað fjölskyldu hans og 24 aðra einstaklinga á Íslandi, í Danmörku og Hollandi.

SLÁANDI SEPTEMBER AFSLÁTTUR
500
Með 200.000 kr afslætti.
DÆMI: Pop 2.190.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 1.990.000 kr.



5 ÁRA ÁBYRGÐ
- 200.000 kr.
Allir sem kaupa eða panta nýjan Fiat hjá Ís-Band í september, geta fengið sláandi afslátt.
*Tilboðið gildir til 30. september 2017
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is




PRAG

Hotel ILF

Frá kr. 49.995
m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
29. september í 4 nætur.




VALENCIA

AC Hotel Colón

Frá kr. 94.895
m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
12. október í 4 nætur.



LJUBLJANA

Hotel City

Frá kr. 59.995
m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
12. október í 3 nætur.




BÚDAPEST

Ibis Style Center Hotel

Frá kr. 59.995
m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
19. október í 4 nætur.




SEVILLA

Hotel Bequer

Frá kr. 83.595
m/morgunmat
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
9. nóvember í 3 nætur.



Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu





**Múslimar í pakistönsku borginni Karachi stóðu með Rohingjum um helgina og mótmæltu meintu aðgerðarleysi Suu Kyi. Á plakati sem hér má sjá var Suu Kyi sagt að skammast sín.** NORDICPHOTOS/AFP

# Frá friðarverðlaunum til þjóðernishreinsana

Aung San Suu Kyi, leiðtogi Mjanmar, er sögð þegja á meðan almennir borgarar drepa Rohingja-múslima án dóms og laga. Suu Kyi er handhafi friðarverðlauna Nóbels og skora aðrir friðarverðlaunahafar á hana að binda enda á ofsóknirnar.

**MJANMAR** Árið 1991 hlaut Aung San Suu Kyi, leiðtogi Mjanmar, friðarverðlaun Nóbels. Hún hafði ári áður leitt flokk sinn í þingkosningum og fengið 58,7 prósent greiddra atkvæða. Herforingjastjórn landsins, sem hafði boðað til kosninganna, leist hins vegar ekki á Suu Kyi. Stjórnin ógilti því kosningarnar og hélt völdum.

Í kjölfarið var Suu Kyi sett í stofufangelsi á heimili sínu í borginni Rangoon. Á meðan hún var í stofufangelsi hlaut hún bæði Sakharov-verðlaunin, líkt og Nelson Mandela hafði áður gert og Malala Yousafzai og Kofi Annan hafa gert síðan, og svo fyrrnefnd friðarverðlaun Nóbels.

Árið 2015 vann flokkur Suu Kyi öruggan meirihluta í þingkosningum um Mjanmar og í þetta skipti voru niðurstöður kosninganna virtar. Tók Suu Kyi árið 2016 við hlutverki svokallaðs ríkisráðgjafa og er því nú eins konar forsætisráðherra Mjanmar.

Árið 2017, nánar tiltekið á mánudag, sagði Zeid Raad Al Hussein, mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna, að fram færi þjóðernishreinsanir í Rakhine-héraði Mjanmar. Þar séu meðlimir þjóðflokksins Rohingja teknir af lífi án dóms og laga.

„Við höfum fengið fjölmargar fregnir og séð gervihnattaljósmyndir af öryggissveitum og almenningi að brenna bæi Rohingja og drepa Rohingja án dóms og laga, meðal annars eru almennir borgarar að flótta skotnir til bana,“ sagði Al Hussein í gær og bætti við:

„Ég kalla eftir því að ríkisstjórnin bindi enda á grimmilegar hernaðaraðgerðir sínar í héraðinu, axli ábyrgð á öllum brotum sem kunna að hafa verið framin og hætti alvarlegri mismunun sinni í garð Rohingja.“

Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum hafa rúmlega 370.000 Rohingjar flúið til Bangladess frá því að átök blossuðu upp í Rakhine í síðasta mánuði. Átökin brutust út þegar Rohingja-skæruliðar réðust á lögreglustöð í norðurhluta Rakhine og drápu tólf starfsmenn. BBC greinir frá því að Rohingjar í Bangladess segi mjanmarska herinn hafa brugðist við af ofsa, brennt bæi Rohingja og ráðist á almenna borgara til þess að flæma þá úr landi.

Meint mismunun í garð Rohingja



**Aung San Suu Kyi, ríkisráðgjafi Mjanmar.** NORDICPHOTOS/AFP

í Mjanmar á sér þó lengri sögu. Samkvæmt Amnesty International hefur verið brotið með skipulögðum hætti á mannréttindum þeirra síðan herforingjastjórnin tók völdin í landinu, sem þá hét Búrma, árið 1988. BBC fjallaði um ofsóknir í garð Rohingja árið 2009 þar sem meðal annars kemur fram að Rohingjar fái ekki ríkisborgararétt, þeir megi margir hverjir ekki eiga land, hafi ekki ferðafrelsi og séu þvingaðir til þess að vinna fyrir ríkið.

Forsætisráðherra Bangladess, Sheikh Hasina Wazed, heimsótti flóttamannabúðir Rohingja í gær og hvatti yfirvöld í Mjanmar til að láta mannúðarsjónarmið ráða för, saklaust fólk væri þarna að þjást.

„Þetta fólk, saklausa fólk, börn, konur, er að þjást. Þetta fólk á heima í Mjanmar. Í hundruð ára hefur þetta fólk búið þar. Hvernig geta yfirvöld í Mjanmar neitað því um ríkisborgararétt?“ spurði Hasina.

Öllu svartari frásögn birtist á Al Jazeera árið 2015, stuttu áður en flokkur Suu Kyi sigraði í þingkosningum. Segir þar að rannsóknarteymi Al Jazeera hafi fundið sterkar vísbendingar um þjóðarmorð. Ríkisstjórnin æsi upp almenning í því skyni að Mjanmarar drepi sem flesta Rohingja.

Fjölmargir hafa nú skorað á nóbelsverðlaunahafann Suu Kyi að gera eitthvað í málunum og uppræta ofbeldi í garð Rohingja. Aðrir friðarverðlaunahafar, til að mynda Malala

> **Ég kalla eftir því að ríkisstjórnin bindi enda á grimmilegar hernaðaraðgerðir sínar í héraðinu, axli ábyrgð á öllum brotum sem kunna að hafa verið framin og að hætta alvarlegri mismunun sinni í garð Rohingja.**
>
> Zeid Raad Al Hussein, mannréttindastjóri Sameinuðu þjóðanna



Yousafzai og Desmond Tutu, hafa skorað á Suu Kyi og sagt ofbeldi í garð Rohingja hrylling. Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur gert slíkt hið sama og það hefur Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, einnig gert.

Suu Kyi hefur hins vegar haldið því fram að „risavaxinn ísjaki rangra upplýsinga“ valdi því að heimsbyggðin misskilji ástandið. Í samtali við Erdogan í september sagði Suu Kyi, samkvæmt Al Jazeera, að ríkisstjórnin gengi úr skugga um að allir í Mjanmar fengju að njóta mannréttinda sinna og ríkisstjórnin gerði allt sem hún gæti til að vernda þegna sína. Að öðru leyti hefur Suu Kyi ekki mikið tjáð sig um málið.

Þögn Suu Kyi er afar umdeild og hafa áhrifamiklir einstaklingar og fjölmiðlar gert hana að umfjöllunarefni. Fyrrnefndur Tutu fordæmdi þögn Suu Kyi til að mynda á föstudag og hvatti hana til að vera „hugrakka á ný“.

Í frétt Guardian segir að fáir nútímamenn hafi verið jafn dáðir og Suu Kyi og fallið jafn hratt í áliti. Eftir tveggja áratuga baráttu hafi hún sigrað og staðið þögul á meðan hundruð þúsunda þegna hennar var slátrað.

Blaðamaður Washington Post fer sömuleiðis ófögrum orðum um Suu Kyi í grein sinni: „Skammarleg þögn Suu Kyi: Arfleifð í molum“. „Þegar kemur að Rohingjum hefur Suu Kyi sýnt lítinn áhuga á því að koma á friði,“ skrifar blaðamaðurinn um Aung San Suu Kyi, handhafa friðarverðlauna Nóbels.

thorgnyr@frettabladid.is

DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

ABOVE & BEYOND




Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 6.290.000 kr.

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Discovery Sport að verðmæti **400.000 kr.**

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM83494

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# FJÁRLAGAFRUMVARP 2018

**3 milljarðar** króna munu renna í ríkissjóð vegna afnáms afsláttar af vörugjöldum bílaleigubíla.

**22,5%** verður virðisaukaskattsþrepið 1. janúar 2019 og lækkar úr 24%.

Skuldir verða greiddar niður um **36 milljarða**

**44 milljarða króna** afgangur boðaður á rekstri ríkissjóðs árið 2018.

**29%** tekna ríkissjóðs á næsta ári eru af innheimtum virðisaukaskatti. Virðisaukaskattur er stærsti skattstofninn.

**333 ÞÚSUND** krónur eru áætluð útgjöld á hvern íbúa vegna heilbrigðismála.

**6% hækkun** verður á heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þau fara úr 743 milljörðum í tæplega 790 milljarða.

**73 milljarðar** króna fara í vaxtagjöld.

**200 milljónum** króna verður bætt í framkvæmdasjóð ferðamannastaða og mun sjóðurinn því hafa 800 milljónir til ráðstöfunar.

**26% ríkisútgjalda** fara til félags-, húsnæðis- og tryggingamála. 25% fara til heilbrigðismála.

**18 MILLJARÐAR** króna verða settir í framkvæmdir og viðhald vega. Meðal annars Dýrafjarðargöng, Berufjarðarbotn og nýja Vestmannaeyjaferju.

# Afgangurinn verði 19 milljörðum meiri

**Áhersla er lögð á græna skatta í nýju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að afgangur á fjárlögum verði 19 milljörðum meiri en ráðgert var þegar frumvarp yfirstandandi árs var lagt fram. Stjórnarandstöðuþingmenn segja of mikla áherslu á aðhald.**

Áhersla er lögð á græna skatta í nýju fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Kolefnisgjald verður tvöfaldað og mun sú aðgerð skila ríkissjóði fjórum milljörðum króna. Þá verður olíugjald á dísilbíla hækkað um tæpar 12 krónur á lítrann og með því á að jafna bensín- og olíugjald.

„Þegar ákveðið var að dísilolían skyldi vera ódýrari en bensín var það gert með umhverfissjónarmið í huga vegna þess að talið var að hún væri ekki eins óholl. En nú hafa rannsóknir leitt í ljós að það var misskilningur,“ sagði Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, þegar hann kynnti fjárlagafrumvarpið í gær.

„Það er getið um græna skatta í stjórnarsáttmála,“ sagði Benedikt og þess vegna væru ívilnanir fyrir vistvænar bifreiðir en gjöld aukin á bíla sem menga. Undanþága á virðisaukaskatti fyrir vistvæna bíla verður framlengd um þrjú ár.

Ráðherrann áætlar að 44 milljarða króna afgangur verði á fjárlögum næsta árs. Þegar fjárlagafrumvarp yfirstandandi árs var lagt fram var gert ráð fyrir 25 milljarða króna afgangi. Mismunurinn er því um nítján milljarðar. Samkvæmt frumvarpinu hækka heildarútgjöld úr 743 milljörðum króna frá árinu 2017 í tæplega 790 milljarða á næsta ári. Hækkunin nemur um 6 prósentum á milli ára.

Í fjárlagafrumvarpinu eru boðuð fjögur hagstjórnarmarkmið sem ríkisstjórnin vinnur nú að. Í fyrsta lagi aðhald í ríkisrekstri á þenslutíma. Í öðru lagi að varðveita kaupmátt með sátt á vinnumarkaði. Í þriðja lagi að stuðla að stöðugleika í gengismálum og í fjórða lagi að tryggja og efla opinbera þjónustu og innviði.



Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra kynnti fjárlagafrumvarpið í ráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd sem Fréttablaðið ræddi við eru sammála um að of mikils aðhalds sé gætt í frumvarpinu. „Þetta er sveltistefna á velferðarþjónustuna,“ segir Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi fjármálaráðherra. Hún segir það aumingjaskap að draga saman þjónustu við veikasta fólkið í góðærinu.

„Þeir sem þurfa mest á þjónustu ríkisins að halda, svo sem eins og sjúklingar, eiga ekki að njóta góðærisins. Það er alveg greinilegt. Ég er ekki búin að lesa frumvarpið nákvæmlega, en ég var að gera mér vonir um að þeir myndu setja meira í velferðina, samgöngurnar og lögregluna en fjármálaáætlun gerði ráð fyrir. En því miður er það ekki svo,“ bætir Oddný við.

> **Þeir sem þurfa mest á þjónustu ríkisins að halda, svo sem eins og sjúklingar, eiga ekki að njóta góðærisins. Það er alveg greinilegt.**
>
> Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar



Björn Levý Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir það góðra gjalda vert að hafa 44 milljarða afgang á fjárlögum og greiða niður skuldir „En það þýðir ekki að gera það meðan allt er í niðurníðslu á meðan. Að lokum verður þá bara kostnaðarsamara að fara í uppbyggingarstarf á eftir. Þetta er voðalega skrýtið,“ segir hann.

Hann fagnar áformum um uppbyggingu nýs spítala en segir engin önnur kosningaloforð varðandi heilbrigðisþjónustu uppfyllt í fjárlagafrumvarpinu. Það er verið að lækka framlag til nýsköpunar, sem ég skil ekki. Þetta er allt í hlutlausum gír og ekkert meira,“ segir hann.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG, tekur í sama streng. „Það er í rauninni algerlega sorglegt að sjá á slíkum uppgangstíma að það sé ekki verið að koma til móts við stærstu verkefni samtímans.“

jonhakon@frettabladid.is

## Fresta skattahækkun á ferðaþjónustuna

Hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna sem áður hafði verið boðuð 1. júlí 2018 verður ekki fyrr en 1. janúar 2019. Með því vill ríkisstjórnin koma til móts við gagnrýni aðila innan ferðaþjónustunnar um óheppilega tímasetningu á skattahækkununum. Hinn 1. janúar 2019 er líka gert ráð fyrir að almennt virðisaukaskattsþrep lækki úr 24 prósentum niður í 22,5 prósent.

Fjármálaráðherra segir aðgerðina styrkja grunngerð og skilvirkni virðisaukaskattskerfisins og jafna samkeppnisstöðu milli atvinnugreina. Hann segir að huga þurfi að stöðu ferðaþjónustunnar með mótvægisaðgerðum, til dæmis markaðsátaki eða uppbyggingu á ferðamannastöðum.


ELKA
- PROTECTION AGAINST EXTREMES!



BÁS C40
ÍSLENSKA SJÁVARÚTVEGSSÝNINGIN Í SMÁRANUM 13.–15. SEPTEMBER.
VONUMST TIL AÐ SJÁ ÞIG!

VEL BÚINN MANNSKAPUR VINNUR BETUR

Elka vinnu- og hlífðarfatnaður er lipur og þægilegur og tryggir góðan hreyfanleika. Vertu viss um að velja rétta fatnaðinn fyrir starfsfólkið þitt.

Söluráðgjafar Olís svara fyrirspurnum í síma 515 1100 og á pontun@olis.is.
Sendum hvert á land sem er.

olís



**Audi Q2**
**Frá 4.690.000 kr.**

20% afsláttur af aukahlutum sem pantaðir eru með Audi Q2 í september.





**Audi A3 e-tron**
**Frá 4.190.000 kr.**

Ótrúlega gott verð á frábærum bíl!

# HAUST BÓNUS HEKLU

**Škoda Superb**
**frá 4.440.000 kr.**

Kaupauki að verðmæti
**300.000 kr.**
fylgir öllum pöntuðum Superb í sept.



**Volkswagen Golf Metan**
**frá 3.150.000 kr.**

Þegar þú kaupir Golf Metan færðu eldsneytið frítt í heilt ár.

**Volkswagen Caddy**
**frá 2.550.000 kr.**

Í september fylgir öllum Caddy sendibílum margmiðlunartæki með bakkmyndavél.



**Volkswagen Tiguan Comfortline**
**frá 5.890.000 kr.**

Kaupauki að verðmæti
**425.000 kr.**
fylgir Tiguan í september.

- Rafdrifinn afturhleri
- Lyklalaust aðgengi
- Aðfellanlegir hliðarspeglar
- Niðurfellanlegur dráttarkrókur

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5



## Pantaðu nýjan bíl í september og þú færð vænan haustbónus.

Haustið er rétti tíminn til að fá sér nýjan bíl hjá HEKLU því nú fylgir honum sérstakur haustbónus í formi afsláttar eða aukahluta. Komdu í reynsluakstur og festu þér nýjan bíl á einstökum kjörum. Þú gætir jafnvel fengið óvæntan glaðning ef heppnin er með þér. Hlökkum til að sjá þig!

Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Reynsluakstur gæti fært þér glaðning!**
Komdu og reynsluaktu nýjum bíl hjá HEKLU og þú gætir átt von á óvæntum glaðningi.

HEKLA

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

# Hvað þýðir fjárlagafrumvarpið fyrir þig?



## Jákvætt fyrir heimilisbókhaldið

**Hámark fæðingarorlofs hækkar**
Hámark fæðingarorlofssjóðs hækkar úr **500 þús. í 520 þús.**

**3%**

**hækkun á viðmiðunarfjárhæðum barnabóta**
Lögð verður til **3 prósent** hækkun á viðmiðunarfjárhæðum barnabóta.

**Vistvæn ívilnun**
Ívilnanir til kaupa á vistvænum bílum verða framlengdar í þrjú ár.

**Hækkun á tekjuviðmiðunarmörkum barnabóta**
Lögð verður til 12 prósenta hækkun á tekjuviðmiðunarmörkum barnabóta sem koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2018.

**Hækkun á tekjuviðmiðunarmörkum vegna íbúðarkaupa**
Stuðningur til kaupa á fyrstu íbúð lögfestur. Veitir einstaklingum, sem kaupa eða byggja íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn, heimild til að taka út séreignarlífeyri.

**Hækkun á tekjuviðmiðunarmörkum**
Samnýting skattþrepa samskattaðra einstaklinga verður lögfest og mun spara skattgreiðslur sem nema 2,8 milljörðum króna árið 2018.

## Neikvætt fyrir heimilisbókhaldið

**Olía hækkar hressilega**
Olíugjald á hvern lítra hækkar úr 60,1 krónu í 71,60 krónur.

**Hækkun til kirkjunnar**
Sóknargjald til Þjóðkirkjunnar verður 931 króna á hvern landsmann og hækkar um 1,2 prósent.

**119,85 kr**

**Dýrara léttvín**
Áfengisgjald á léttvín hækkar úr 106,80 kr. í 119,85 kr. á hverja áfengisprósentu umfram 2,25%.

**Minna í barnabætur**
Barnabætur lækka um 215 milljónir frá síðustu fjárlögum.

**Meira í framkvæmdasjóð**
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra hækkar um 2,2 prósent, fer úr 10.956 í 11.197 krónur.

**Meira til RÚV**
Útvarpsgjald hækkar úr 16.800 í 17.200 krónur.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**FIMMTUDAG** 19:30

# STEFÁN RAGNAR

og

# TORTELIER



**Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri
**Stefán Ragnar Höskuldsson** einleikari

**Charles Gounod**
**Sinfónía nr. 1**

**Jacques Ibert**
**Flautukonsert**

**Witold Lutosławski**
**Konsert fyrir hljómsveit**

**Tónleikakynning** kl 18:00

**Stefán Ragnar Höskuldsson** er einn þeirra Íslendinga sem hvað lengst hafa náð í heimi klassískrar tónlistar. Það er ávallt tilhlökkunarefni þegar Stefán Ragnar kemur fram á Íslandi. Hér leikur hann konsert Iberts sem er einn vinsælasti flautukonsert allra tíma, glaðvær og áheyrilegur.

Við stjórnvölinn er **Yan Pascal Tortelier**, aðalhljómsveitarstjóri, sem er svo sannarlega á heimavelli í þessari efnisskrá sem býður upp á glæsilegar og kraftmiklar tónsmíðar þar sem hljómsveitin öll fær að sýna hvað í henni býr.

## TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA

# Ábyrg stefna



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Fjárlagafrumvarp ársins 2018 var kynnt í gær og gerir það ráð fyrir 44 milljarða króna afgangi á rekstri ríkisins á næsta ári. Í ljósi þess ramma sem lög um opinber fjármál setja utan um útgjöld ríkisins og þeirrar gagnrýni sem kom fram í umsögn fjármálaráðs um ríkisfjármálastefnuna 2018-2022 fyrr á þessu ári var fjármálaráðherra nauðugur einn kostur að stíga á bremsuna.

Ríkisfjármálin eru ekki sérstaklega áhugaverður eða vinsæll málaflokkur í pólitísku tilliti. Ráðherra sem talar um ábyrgð og festu í ríkisfjármálum er ekki líklegur til að skora mörg stig hjá kjósendum nema kannski þeim sem hafa háskólapróf í hagfræði. Það er líka býsna árangursrík aðferð til að svæfa mann hratt að ræða við hann um ríkisfjármál enda byrja flestir að geispa við það eitt að heyra orðið frumjöfnuður. Ríkisfjármálin eru engu að síður langmikilvægasti málaflokkurinn og upphaf og endir allrar pólitískrar stefnumörkunar. Ábyrg stefna í ríkisfjármálum er mikilvægasta velferðarmálið. Því ef skuldastaða ríkisins er vond er vaxtabyrðin þung og því minna svigrúm til útgjalda til brýnna velferðarmála.

Skuldir ríkisins jukust gríðarlega eftir banka- og gjaldeyrishrunið og nær fimmfölduðust á einu og hálfu ári eftir hrun. Skuldahlutfallið fór hæst í 117 prósent af vergri landsframleiðslu í lok árs 2011. Frá þeim tíma hafa skuldirnar verið kerfisbundið trappaðar niður. Bæði vinstri- og hægristjórnir síðustu tveggja kjörtímabila hafa ráðist í þetta verkefni af festu og ábyrgð. Bara á þessu ári munu skuldir ríkisins lækka um 233 milljarða króna. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að heildarskuldir ríkissjóðs verði komnar niður í 28 prósent af vergri landsframleiðslu í lok næsta árs. Árið 2015 þótti það metnaðarfullt markmið að ná þessu hlutfalli niður fyrir 50 prósent árið 2019 sem sýnir kannski í hnotskurn hversu mikill árangur hefur náðst við niðurgreiðslu skulda á síðustu árum.

Einhverjir stuðningsmenn ríkisstjórnarflokkanna hafa kvartað yfir því að álögur á landsmenn hafi ekki verið lækkaðar af neinu viti. Á síðasta ári var hagvöxtur 7,2 prósent hér á landi sem er hærra en hjá nokkru öðru OECD-ríki. Fram kemur í glærukynningu fjármála- og efnahagsráðherra með fjárlagafrumvarpinu að þótt útlit sé fyrir að það hægi á vextinum verði efnahagsaðstæður hér á landi áfram góðar. Enda er gert ráð fyrir 3,3 prósenta hagvexti á þessu ári. Það er eðlilegt að svigrúm til skattalækkana verði nýtt í næstu niðursveiflu til að örva eftirspurn. Enda væri það glórulaus stefna að lækka skatta í miðri uppsveiflu.

Gert er ráð fyrir 44 milljarða króna afgangi eins og áður segir sem er talsvert meira en afgangur þessa árs. Í uppsveiflu verður ríkissjóður að skila eins miklum afgangi og er mögulegur og raunhæfur. Bæði til þess að búa í haginn og lækka skuldir en einnig til þess að hafa taumhald á þenslu. Ekki verður annað séð en að ríkisstjórnin hafi haft þessi ábyrgu markmið að leiðarljósi við gerð fjárlagafrumvarpsins.

> **Það er eðlilegt að svigrúm til skattalækkana verði nýtt í næstu niðursveiflu til að örva eftirspurn. Enda væri það glórulaus stefna að lækka skatta í miðri uppsveiflu.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Meira í heilbrigðismál**

**Mikil aukning verður í framlögum til heilbrigðismála samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi sem kynnt var í gær. Alls nemur aukningin 13,5 milljörðum en í síðasta fjárlagafrumvarpi voru þau hækkuð um 7,3 milljarða.**

**2,8 milljarðar þessarar aukningar munu renna í byggingu nýs Landspítala og 850 milljónir til styttingar biðlista, svo fátt eitt sé nefnt.**

**Erfitt er og kostnaðarsamt að reka heilbrigðiskerfi, hvort sem einkaaðilar eða ríkið standa að því. Vonandi er því að þessi hækkun dugi til þess að laga flest það sem amar að kerfinu.**

**Breytt útlendingalög**

**Björt framtíð hefur lýst því yfir að flokkurinn muni leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um útlendinga. Í tilkynningu frá flokknum kom fram að breytingarnar snúi fyrst og fremst að stöðu barna og fólks í viðkvæmri stöðu.**

**Það er að sjálfsögðu gott, í raun nauðsynlegt, að breyta lögum til þess að vernda börn í viðkvæmri stöðu. Hins vegar er áhugavert að sá sem fór fyrir þingmannanefnd sem stóð að endurskoðun útlendingalaga á síðasta kjörtímabili er formaður Bjartrar framtíðar. Hann sagði þó í gær að lögin væru lifandi plagg sem þyrfti að vinna áfram.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Mýtan um Norðurlöndin



**Guðmundur Edgarsson**
kennari

Hún er lífseig mýtan um að hagsæld Norðurlandanna byggi á víðtæku velferðarkerfi og háum sköttum. Ef svo væri myndu lönd eins og Frakkland, Grikkland og Ítalía njóta sams konar velgengni. Þrátt fyrir skattagleði þessara ríkja og rausnarlegt velferðarkerfi er staðan í þessum löndum hins vegar óralangt frá því að vera viðunandi. Löndin glíma við gríðarlegar skuldir, langvarandi atvinnuleysi og stöðnun á mörgum sviðum. Það sem Norðurlöndin hafa haft fram yfir flest önnur samanburðarlönd er því ekki hið margrómaða velferðarkerfi heldur aðrir þættir.

Þannig er að Norðurlöndin hafa þá sérstöðu að vera tiltölulega fámenn og einsleit samfélög. Íbúarnir tala sama tungumálið og deila sömu sögu, trú og hefðum. Hugsunarháttur og lífsstíll er áþekkur sem dregur úr líkum á spillingu og valdabrölti í stjórnkerfinu. Í ofanálag hafa Norðurlöndin búið við tiltölulega frjálst atvinnulíf sem lagt hefur grunninn að traustum efnahag þeirra. Það sem ennfremur bendir til þess að hin norræna menning sé mun sterkari áhrifaþáttur í velgengni Norðurlandanna en háir skattar og viðamikið velferðarkerfi er að norrænu fólki vegnar mun betur í Bandaríkjunum en á Norðurlöndunum þar sem skattar eru mun hærri. Atvinnuleysi meðal norrænna Bandaríkjamanna er til að mynda mun minna, laun hærri og félagslegur hreyfanleiki talsvert meiri en þekkist á Norðurlöndunum.

Þá nutu Norðurlöndin mun meiri velgengni en önnur vestræn ríki áður en norræna velferðarmódelið var tekið upp í kringum 1960. Fyrir 1960 voru lönd eins og Danmörk og Svíþjóð með markaðsdrifnari löndum hins vestræna heims. Skattar voru lágir, opinberi geirinn lítill og velferðarþjónusta miðaðist við þá sem ekki voru bjargálna. Löndin bjuggu við þróttmikið efnahagslíf og velferð á flestum sviðum í samanburði við önnur ríki. Tíðni ungbarnadauða var með því lægsta sem þekktist, ævilíkur meðal þeirra hæstu í heiminum, fátækt minni og menntunarstig hærra en finna mátti annars staðar. Norræna velferðin virðist því byggja á menningartengdum þáttum fremur en umfangsmiklu velferðarkerfi og ofursköttum.

> **Þannig er að Norðurlöndin hafa þá sérstöðu að vera tiltölulega fámenn og einsleit samfélög. Íbúarnir tala sama tungumálið og deila sömu sögu, trú og hefðum.**






FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Enn um rakaskemmdir í húsnæði



**Davíð Gíslason**
læknir, sérfræðingur í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum

1. september birtust í Morgunblaðinu athyglisverðar greinar um mygluskemmdir í opinberum byggingum og áhrif þeirra á heilsu starfsmanna. Rakaskemmdir í húsum eru angi af því sem kallað hefur verið húsasótt á íslensku (sick building syndrome), en mygla er fylgifiskur rakans.

Skaðsemi myglu hefur verið þekkt hér á landi í hundruð ára, og orðið heysótt, sem tengist vinnu í mygluðu heyi, er þekkt í málinu frá því um aldamótin sextán hundruð. Læknum hættir til, eins og Tómasi forðum, að trúa aðeins því sem þeir geta þreifað á eða mælt í tilraunaglösum. Einkenni vegna rakaskemmda geta brugðið sér í allra kvikinda líki, og því telja sumir læknar jafnvel enn að þetta sé angi af taugaveiklun eða jafnvel geðveikri. Sama átti við um óþol fyrir rokgjörnum, ilmandi efnum, sem sumt fólk þolir ekki, þar til sýnt var fram á eðli þess.

Einkennum af völdum raka og mygluskemmda er lýst í nýrri grein eftir Finnann Valtonen. Ekki eru til viðtekin greiningarskilmerki né rannsóknir sem hægt er að byggja á greiningu. Einkennin geta komið eftir fáeina mánuði eða jafnvel mörg ár. Einkenni byrja oft í slímhúðum í nefi og lungum, en svipuð einkenni geta komið vegna annarra slæmra loftgæða og einnig við venjulegt kvef. Einkenni af rakaskemmdum í húsum lagast í fyrstu fljótt þegar skipt er um umhverfi, en koma jafnharðan aftur þegar komið er í gamla umhverfið eða í annað rakaskemmt umhverfi.

Meðal einkenna sem Valtonen nefnir eru endurteknar bólgur í afholum nefsins, berkjubólga, lungnabólga, mæði og úthaldsleysi, langvarandi hiti, þreyta, vöðva- og liðverkir, drungi, minnisleysi, einbeitingarskortur og útbrot.

Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar skrifaði grein í Fréttablaðið 5. september um þetta efni. Þar heldur hann því fram að trúin á heilsuspillandi áhrif rakaskemmda og myglu í húsnæði sé sama eðlis og draugatrú og hafi leyst hana af hólmi hér á landi. Allt sé þetta bull og vitleysa, sem heltekið hafi þjóðina, en ekki aðrar þjóðir, og óþarfi að henda milljörðum í viðhald og viðgerðir á húsum sem svona sé ástatt um. Hann segir þetta að vísu með öðru orðalagi.

Þrátt fyrir vandlega leit í læknisfræðibókmenntum hafi hann ekki fundið sannanir fyrir því að myglusveppir í húsum vegi að heilsu manna. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur látið sig málið varða og dregur ekki í efa sambandið milli rakaskemmda og sjúkdóma í öndunarfærum. Við eigum líka ágæta norræna rannsókn sem sýnir skaðleg áhrif raka í íbúðarhúsum á lungnastarfsemina (María Gunnbjörnsdóttir o.fl. Thorax 2006;61(3):221–225.).

> **Í Morgunblaðinu var viðtal við lífeindafræðing, sem starfað hefur við Landspítalann í 25 ár í hússkrifli sem dæmt er ónýtt vegna rakaskemmda. Hann er orðinn veikur vegna þessara aðstæðna, og nú er starfsfólkinu boðið að flytja í annað rakaskemmt húsnæði. Þetta virðist talsvert kaldranaleg ráðstöfun á þeim tíma þegar ráðuneytið flýr rakaskemmdir.**

> **Skaðsemi myglu hefur verið þekkt hér á landi í hundruð ára, og orðið heysótt, sem tengist vinnu í mygluðu heyi, er þekkt í málinu frá því um aldamótin sextán hundruð.**



Þótt það séu ekki vísindi langar mig að segja sögu úr 40 ára reynslubanka um tíu ára dreng. Hann hafði fengið einkenni um astma nokkru áður en hann kom til mín. Móður hans þótti þetta skrítið. Einni eða tveimur vikum áður en einkennin byrjuðu höfðu foreldrarnir keypt veggklæðningu, sem hlaðið var upp í stofunni og beið nú eftir smið. Það skyldi nú vera að drengurinn þyldi ekki útgufun úr spónlögðum viðnum? Foreldrarnir báru klæðninguna út í bílskúr við húsið og loftuðu vel út í stofunni. Pilturinn hætti að finna fyrir astmanum. Móðir drengsins hugsaði sem svo að þetta væri kannski tilviljun og fór, þegar enginn vissi til, út í bílskúrinn, sótti eitt borð og laumaði undir rúmið hjá drengnum. Morguninn eftir vaknaði hann með astma.

Þessi saga sýnir að fólk er misjafnt að upplagi og sumir þola mikið áreiti af pestarlofti þar sem aðrir þola miklu minna. Ég tel að í rakaskemmdu húsnæði geti losnað úr læðingi ertandi rokgjörn efni, þar með talin eiturefni frá myglu.

Komið hefur fram að húsnæði velferðarráðuneytisins var rýmt um það leyti sem núverandi heilbrigðisráðherra kom til starfa. Í Morgunblaðinu var viðtal við lífeindafræðing, sem starfað hefur við Landspítalann í 25 ár í hússkrifli sem dæmt er ónýtt vegna rakaskemmda. Hann er orðinn veikur vegna þessara aðstæðna, og nú er starfsfólkinu boðið að flytja í annað rakaskemmt húsnæði. Þetta virðist talsvert kaldranaleg ráðstöfun á þeim tíma þegar ráðuneytið flýr rakaskemmdir. Ef yfirgefa þarf skip í sjávarháska er það skipstjórinn sem fer síðastur frá borði. Ráðherrann virðist ekki taka þessa reglu sér til fyrirmyndar.

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi.

NISSAN
Innovation that excites

NISSAN PULSAR
EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI




PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA
Þú færð EXTRA búnað á nýjan NISSAN ef þú pantar fyrir 30. september

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:
LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslenskt leiðsögukerfi og sampætting við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðuþurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Pulsar að verðmæti **250.000 kr.**

VISIA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
2.850.000 KR.

ACENTA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.050.000 KR.

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM83955

# Með markmiðin sín á hreinu

**Alfreð Finnbogason skoraði öll þrjú mörk Augsburg þegar liðið vann Köln um helgina. Hann er á sínu þriðja tímabili hjá Augsburg sem hefur byrjað betur en oft áður. Alfreð er alltaf með skýr markmið.**

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason er markahæsti leikmaður Bundesligunnar eftir þrjár umferðir með fjögur mörk. Ekki ónýtt í einni sterkustu deild í heimi en landsliðsmaðurinn skoraði þrennu í 3-0 sigri Augsburg á Köln um helgina, hrjáður af flensu.

„Ég tók þessa flensu með mér frá Íslandi og út,“ segir Alfreð sem var örlítið farinn að finna fyrir einkennum daginn sem Ísland mætti Úkraínu í undankeppni HM þriðjudaginn 5. september.

„Á fimmtudeginum æfði ég eiginlega ekkert og var bara mjög slappur,“ segir framherjinn sem fór á fund læknisins. „Ég fékk góðan skammt af vítamínum og lyfjum, allt innan leyfilegra marka, og gat æft með liðinu á föstudaginn,“ segir Alfreð. Leikurinn var daginn eftir en hann var mjög mikilvægur, leikur tveggja liða á botni deildarinnar.

„Ég var ekkert hrikalega vel stemmdur fyrir leikinn,“ segir Alfreð sem skoraði með skalla og úr vítaspyrnu í fyrri hálfleik áður en hann fullkomnaði þrennuna undir lokin með marki úr þröngri stöðu af stuttu færi.

Mikið hefur verið gert úr þeirri staðreynd að þrenna Alfreðs hafi verið „fullkomin þrenna“. Mark með vinstri fæti, hægri fæti og höfði. Sjálfur var hann ekkert að spá í þetta fyrr en honum var bent á það eftir leik. „Það eru margar útgáfur af þessu. Til dæmis svokölluð þýsk þrenna þegar einhver skorar þrjú mörk í einum hálfleik og enginn annar skorar í millitíðinni.“

Með sigrinum komst Augsburg í fjögur stig í deildinni eftir þrjá leiki og skildi Köln eftir á botninum stigalaust. Augsburg var stigi frá fallsæti í lok leiktíðar í fyrra og þekkir því fallbaráttuna vel.

„Augsburg hefur oftar en ekki byrjað deildina illa. Nokkrum sinnum verið með mjög fá stig eftir sjö til átta leiki og með bakið upp við vegg. Þá er eins og einhvern veginn kvikni á þeim oft og tíðum.“

Hann bendir á að allir viti hvað góð byrjun geti gefið mikinn meðbyr. Það gefi þjálfaranum ró og allir geti einbeitt sér betur á æfingum, áhyggjulausir.

Alfreð er á sínu þriðja tímabili með Augsburg í Bundesligunni en hann kom til liðsins frá Real Sociedad í febrúar í fyrra. Upphaflega að láni en var svo keyptur á 3,6 milljónir punda, andvirði, rúmlega hálfs milljarðs króna.

Hann segir þýsku deildina yfirleitt spilast eins. Þrjú til fjögur lið stingi af en svo muni bara sjö til átta stigum á liðinu í fimmta sæti og því í fimmtánda. Komist lið á góðan skrið sé þó afar sterk í ár en fornfrægir klúbbar á borð við Stuttgart og Hannover 96 eru aftur á meðal þeirra bestu á kostnað minni liða sem féllu.



**Alfreð Finnbogason fagnar einu þriggja marka sinna gegn Köln. Íslenski landsliðsmaðurinn hefur skorað fjögur mörk alls á tímabilinu.** NORDICPHOTOS/GETTY

> Ég hef alltaf skrifað markmiðin niður hjá mér. Kannski ekki upp á hvern einasta dag en viðmiðunarpunkta, og hvernig maður ætlar að ná þeim.
>
> Alfreð Finnbogason

„Þetta eru stærri félög með meiri peninga á milli handanna og miklar væntingar. Það verður ekkert auðvelt að halda sér í deildinni, sem er alltaf fyrsta markmiðið hjá Augsburg.“

Það er ekki ónýtt að skoða lista yfir markahæstu menn í Bundesligunni eftir þrjár umferðir. Alfreð á toppnum með fjögur mörk og svo fylgja ekki minni spámenn en Robert Lewandowski hjá Bayern München og Timo Werner hjá Leipzig sem orðaður er við Real Madrid og Liverpool þessa dagana.

„Þetta er náttúrulega mjög verðug samkeppni, framherjar í heimsklassa. En ég ætla fyrst og fremst að njóta þess á meðan maður er þarna uppi. Maður setur sér samt alltaf háleit markmið fyrir tímabilið,“ segir Alfreð og svalar forvitni blaðamanns með því að útskýra nánar.

„Ég hef alltaf skrifað markmiðin niður hjá mér. Kannski ekki upp á hvern einasta dag en viðmiðunarpunkta, og hvernig maður ætlar að ná þeim. Ekki bara skrifa niður til að skrifa niður. Það hefur virkað mjög vel fyrir mig og eitthvað sem ég ætla ekki að breyta.“ **kolbeinntumi@365.is**

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**A-riðill**

**Man. Utd. - Basel 3-0**
1-0 Maraoune Fellaini (35.), 2-0 Romelu Lukaku (53.), 3-0 Marcus Rashford (84.).

**Benfica - CSKA Moskva 1-2**

**B-riðill**

**Celtic - PSG 0-5**
**B. München - Anderlecht 3-0**

**C-riðill**

**Chelsea - Qarabag 6-0**
1-0 Pedro Rodríguez (5.), 2-0 Davide Zappacosta (30.), 3-0 Cesar Azpilicueta (55.), 4-0 Tiémoué Bakayoko (71.), 5-0 Michy Batshuayi (76.), 6-0 Maksim Medvedev, sjálfsmark (82.).

**Roma - Atl. Madrid 0-0**

**D-riðill**

**Barcelona - Juventus 3-0**
**Olympiacos - Sporting 2-3**

**Olís-deild kvenna**

**Fram - Grótta 24-24**
**Markahæstar:** Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Þórey Rósa Stefánsdóttir 6, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5/2 - Lovísa Thompson 6, Unnur Ómarsdóttir 5/1, Kristjana Björk Steinarsdóttir 5.

**Selfoss - Stjarnan 32-31**
**Markahæstar:** Perla Ruth Albertsdóttir 10, Kristrún Steinþórsdóttir 9, Ída Bjarklind Magnúsdóttir 4 - Brynhildur Kjartansdóttir 7, Rakel Dögg Bragadóttir 6.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | Meistarad.messan | Sport |
| 18.40 | Liverpool - Sevilla | Sport 2 |
| 18.40 | Spurs - Dortmund | Sport 3 |
| 18.40 | Feyenoord - M. City | Sport 4 |
| 18.40 | R. Madrid - APOEL | Sport 5 |
| 20.45 | Meistarad.mörkin | Sport |


Tæki færi



SOLAMAGIC

**Nýir pallahitarar frá Solamagic**

Hitarar fyrir pallinn, sólhúsið, svalirnar eða partítjaldið. Fáanlegir í hvítu, svörtu og títaníumlit. Hægt að fá þrífót til að hafa þá standandi. 1400, 2000 og 2500 W. Innfelldir eða utanáliggjandi.
Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

**20% kynningarafsláttur.**




Rafbúnaðardeild Smith & Norland er opin alla virka daga frá kl. 8 til 17.




SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is


## Magnaður Messi




**Óstöðvandi** Lionel Messi fór mikinn og skoraði tvö mörk þegar Barcelona vann Juventus, 3-0, í D-riðli Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi. Messi er kominn með átta mörk á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. september 2017 | 33. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Erlent vinnuafl hefur keyrt hagvöxtinn áfram

**Yfir 24 þúsund útlendingar voru á vinnumarkaði í júní og hefur þeim fjölgað um 17 prósent á einu ári. Hafa þeir aldrei verið fleiri. Nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans telur engu að síður að tölur yfir erlent vinnuafl séu vanmetnar. Innflutt vinnuafl hefur komið í veg fyrir launaskrið og keyrt hagvöxtinn áfram.** 6-7




»2

## Vogunarsjóðir verða virkir eigendur að Arion

Vogunarsjóðunum Taconic og Attestor verður heimilað að eiga beint og óbeint meira en tíu prósenta hlut í Arion banka. FME mun ljúka hæfismati sínu á allra næstu dögum.

»2

## Ekkert ríki jafn háð ferðaþjónustu

Ferðaþjónustutekjur á hvern Íslending nema um 8.800 dölum og eru þær hæstu í heiminum, að Lúxemborg undanskilinni. Tekjur á hvern Íslending um sex sinnum hærri en á hvern Spánverja.

»6

## Hundraða milljarða gat í fjárfestingu innviða

„Framkvæmdir á vegum hins opinbera geta tekið óralangan tíma, jafnvel þótt kostnaðurinn sé ekkert í líkingu við uppsafnaða þörf. Slíkan tíma höfum við ekki til stefnu þegar kemur að innviðum Íslands," segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.




# Miklar gengissveiflur ættu ekki að koma á óvart

Á aðeins fáeinum mánuðum hefur krónan farið frá því að vera stöðugasta mynt heims í eina þá óstöðugustu, að sögn Friðriks Más Baldurssonar, prófessors í hagfræði og efnahagsráðgjafa GAMMA.

Hann segir að líta þurfi til gjaldmiðla þróunarríkja til þess að finna viðlíka sveiflur og hafa verið á gengi krónunnar eftir að losað var um fjármagnshöftin í mars síðastliðnum. Æskilegra væri ef gjaldeyrismarkaðurinn færðist hraðar í átt að eðlilegra ástandi.

Friðrik Már fjallaði um gengisþróun krónunnar á málstofu sem GAMMA stóð fyrir í Tjarnarbíói síðdegis í gær.

Hann segir í samtali við Markaðinn að það hafi ekki átt að koma á óvart að flökt krónunnar ykist við afnám hafta. „Þegar opnað var fyrir fjármagnsviðskipti fóru þau að verða ráðandi í skammtímasveiflum á genginu. Gjaldeyrismarkaðir eru almennt mun kvikari en vöru- og þjónustumarkaðir.

Þó svo að við séum með viðskiptaafgang sem styður við gengið skiptir það ekki máli til skemmri tíma því fjármagnshreyfingar virðast hafa meiri áhrif á gengissveiflurnar heldur en gjaldeyrisinnflæði sem stafar af vöru- og þjónustuviðskiptum,“ segir hann.

Hann bendir meðal annars á að sveiflur á gengi krónunnar hafi undanfarið verið þrisvar til fjórum sinnum meiri en til dæmis á gengi sænsku krónunnar. Sveiflurnar komi ekki á óvart í ljósi þess hve lítil velta sé á millibankamarkaði með gjaldeyri.

„Hér er velta á millibankamarkaði um helmingur af utanríkisviðskiptum en í öðrum samanburðarlöndum eru viðskipti á gjaldeyrismarkaði margfalt meiri en utanríkisviðskipti. Þetta þýðir að hér geta tiltölulega litlar fjármagnshreyfingar haft mikil áhrif á gengið þannig að það sveiflist um allt að þrjú til fjögur prósent á einum degi. Slíkar sveiflur eru mjög óheppilegar og skapa mikla óvissu.“

Friðrik Már segir það stinga í augun hve mikið Íslendingar fjárfesta hér á landi og lítið erlendis og eins hve lítið sé um erlendar fjárfestingar hér á landi. „Það væri mjög æskilegt, ekki einungis til þess að efla gjaldeyrismarkaðinn og draga úr sveiflum á honum, heldur einnig til þess að ná fram betri áhættudreifingu fyrir þjóðarbúið, að það næðist betra jafnvægi þarna á milli. Til lengri tíma litið væri ákjósanlegt að aflétta öllum höftum, einnig á innflæði fjármagns, og styrkja þannig tengsl markaðarins hér við erlenda markaði.“ – kij



**Friðrik Már Baldursson, efnahagsráðgjafi GAMMA**

# Vill 300 milljónir vegna ófullnægjandi ráðgjafar

Félagið ET Sjón ehf., í eigu Eiríks Ingvars Þorgeirssonar, krefst þess að fá greiddar liðlega 300 milljónir króna í skaðabætur vegna meintrar ófullnægjandi ráðgjafar af hálfu Auðar Capital, sem síðar sameinaðist verðbréfafyrirtækinu Virðingu. Hefur félagið höfðað mál á hendur Virðingu, en aðalmeðferð fer fram fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í byrjun næsta árs.

ET Sjón er einn þriggja hluthafa eignarhaldsfélagsins Þorgerðar sem seldi 45 prósenta hlut sinn í Ölgerðinni síðasta haust. Félagið fór fram á að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu legði lögbann á söluna, en því var hafnað. Skömmu síðar var tilkynnt um sölu á 69 prósenta hlut í Ölgerðinni.

Félagið Þorgerður var stofnað í október 2010 utan um kaup á hlut í Ölgerðinni. Fjárfestingarsjóðurinn Auður 1, í stýringu Auðar Capital,

**» Samkvæmt heimildum tengist óánægja Eiríks því að hann hafi þurft að bera kostnað vegna milljarðs króna endurálagningar ríkisskattstjóra á Ölgerðina.**

fór fyrir kaupendahópnum og á meirihluta hlutafjár í Þorgerði. ET Sjón á tæplega 30 prósenta hlut í félaginu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins tengist óánægja Eiríks með ráðgjöf Auðar Capital því að hann hafi þurft að bera kostnað vegna rúmlega milljarðs króna endurálagningar ríkisskattstjóra á Ölgerðina árið 2013 vegna öfugs samruna félagsins frá árinu 2007.

Virðing telur málssóknina með öllu tilhæfulausa og hefur krafist sýknu. – kij

# Fá heimild fyrir virkum hlut í Arion

**Vogunarsjóðunum Taconic og Attestor verður heimilað að eiga beint og óbeint meira en tíu prósent í Arion banka. FME mun brátt ljúka hæfismati sínu. Kaupþing og stjórnvöld vinna að því að endurskoða ákvæði um forkaupsrétt.**

Vogunarsjóðirnir Taconic Capital og Attestor Capital, sem hvor um sig eignuðust 9,99 prósenta hlut í Arion banka fyrr á árinu, munu teljast hæfir til að fara með virkan eignarhlut í bankanum. Fjármálaeftirlitið (FME) er að leggja lokahönd á hæfismat sitt á sjóðunum en niðurstaða þess, sem ætti að birtast í þessari eða næstu viku, verður sú að þeim sé heimilt að eiga beint og óbeint samanlagt meira en tíu prósenta hlut í Arion banka, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sjóðirnir eru jafnframt stærstu hluthafar Kaupþings sem á 58 prósenta hlut í bankanum.

Samhliða því að þeir verða metnir hæfir eigendur að bankanum munu sjóðirnir í kjölfarið fá atkvæðarétt í samræmi við hlutafjáreign sína í Arion banka. Þegar vogunarsjóðirnir þrír – Taconic Capital, Attestor Capital og Och-Ziff Capital – og Goldman Sachs keyptu rúmlega 29 prósenta hlut í Arion banka af Kaupþingi fyrir samtals um 49 milljarða þá féllust sjóðirnir á að hlutum þeirra myndi ekki fylgja atkvæðaréttur þar til þeir yrðu metnir hæfir til að fara með virkan eignarhlut eða að bankinn yrði skráður á markað.

Taconic og Attestor sendu upphaflega tilkynningu til FME í apríl síðastliðnum þar sem þeir fóru þess á leit að hefja formlega hæfismatsferli um að eiga meira en tíu prósenta hlut í Arion banka en sé einnig litið til óbeins eignarhalds þeirra í gegnum Kaupþing fara þeir yfir þau mörk. FME hefur 60 virka daga til að afgreiða umsókn sjóðanna frá staðfestingu fullbúinnar tilkynningar en samkvæmt heimildum Markaðarins var það ekki fyrr en í byrjun júlí sem stofnunin taldi að slík tilkynning hefði borist frá báðum sjóðunum. Frestur FME til að ljúka hæfismati sínu á sjóðunum mun því brátt renna út.

Á meðal þeirra atriða sem hafa komið til skoðunar í hæfismatsferlinu er orðspor sjóðanna til að fara með virkan eignarhlut og eins fjárhagslegur styrkur þeirra til að styðja við Arion banka. Breski vogunarsjóðurinn Attestor Capital hefur áður verið metinn hæfur af fjármálayfirvöldum í Evrópu til að vera virkur eigandi að fjármálafyrirtæki en sjóðurinn fékk slíka heimild í tengslum við kaup á austurríska bankanum Kommunalkredit árið 2015.

Þá hefur FME einnig til skoðunar hæfi Kaupþings til að fara beint með virkan eignarhlut í Arion banka en frá árinu 2010 hefur það verið í gegnum dótturfélag þess, Kaupskil. Það fyrirkomulag verður hins vegar brátt fellt niður og því er nauðsynlegt fyrir Kaupþing að fá samþykki FME til fara með meira en tíu prósenta hlut í bankanum. Að öðrum kosti þyrfti eignarhaldsfélagið að losa um að lágmarki um 48 prósenta hlut í Arion banka – félagið á núna 57,9 prósent í bankanum – í fyrirhuguðu hlutafjárútboði. Það er talsvert meiri hlutur en áformað er að selja í útboðinu. Ekki liggur fyrir um niðurstöðu FME um hæfi Kaupþings en væntingar eru um að hún liggi fyrir síðar í þessum mánuði.



**Stefnt er að skráninu Arion banka síðar á árinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**49**

**milljarða greiddu sjóðirnir og Goldman fyrir 29 prósenta hlut í Arion banka.**

## Fundað með stjórnvöldum

Hvenær – og hvort – af hlutafjárútboði Arion banka verður ræðst meðal annars af því hvenær FME lýkur mati sínu á hæfi vogunarsjóðanna og Kaupþings og eins að samkomulag náist við íslensk stjórnvöld um að þau ætli ekki að nýta sér mögulegan forkaupsrétt á bankanum ef hann yrði seldur á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé. Samkvæmt þeim stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar Kaupþings samþykktu 2015 er gert ráð fyrir því að ákvæði um forkaupsrétt ríkisins sé endurskoðað við opið hlutafjárútboð. Að öðrum kosti er talið óframkvæmanlegt að halda slíkt útboð þar sem forkaupsrétturinn myndi skapa óvissu og aftra fjárfestum frá þátttöku í útboðinu. Fulltrúar Kaupþings hafa á undanförnum tveimur vikum, samkvæmt heimildum Markaðarins, átt fjölmarga fundi með forystumönnum stjórnvalda og embættismönnum í fjármálaráðuneytinu og Seðlabankanum þar sem unnið er að því að ná samkomulagi um endurskoðun ákvæðisins um forkaupsrétt ríkisins.

Vogunarsjóðirnir þrír og Goldman Sachs hafa kauprétt að 22 prósenta hlut í viðbót í bankanum, sem gildir til 19. september næstkomandi, en hvorki sjóðirnir né bandaríski fjárfestingabankinn áforma að nýta sér þann rétt, eins og upplýst var um í Markaðnum í síðasta mánuði. Sá kaupréttur er á nokkuð hærra sölugengi en þegar þeir keyptu hlut í Arion banka fyrr á árinu. Hins vegar er fastlega gert ráð fyrir því, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála, að einhverjir sjóðanna muni bæta við hlut sinn í bankanum með því að taka þátt í væntanlegu útboði enda sé ekki ólíklegt að þar muni bjóðast hlutur í bankanum á hagstæðara gengi heldur en kauprétturinn hljóðaði upp á. hordur@frettabladid.is




# Ekkert ríki jafn háð ferðaþjónustu

Ferðaþjónustutekjur á hvern Íslending nema um 8.800 dölum og eru þær hæstu í heiminum, að Lúxemborg undanskilinni. Sem dæmi eru tekjur á hvern Íslending um sex sinnum hærri en á hvern Spánverja. Er þá ekki tekið tillit til farþegaflutninga. Þetta er á meðal þess sem fram kemur í nýrri ferðaþjónustuúttekt greiningardeildar Arion banka sem kynnt verður í dag.

Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur í greiningardeild bankans, segir vægast sagt fáheyrt að ríki, hvað þá myntsvæði, sé jafn háð ferðaþjónustu og Ísland.

„Það er mjög óalgengt að ferðaþjónusta hafi eins mikil áhrif á hagkerfið og gengi gjaldmiðils og hér. Yfirleitt spyrja menn hvaða áhrif gengið hafi á ferðaþjónustuna, en færri velta því fyrir sér hvaða áhrif ferðaþjónustan hefur á gengið. Það eru nokkuð skýrar vísbendingar um að einn af stærstu – ef ekki sá stærsti – drifkröftunum í gengisstyrkingu krónunnar síðustu misseri hafi verið ferðaþjónustan sjálf. Hún hefur verið aðaldrifkrafturinn í hagkerfinu.“



**Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur í greiningardeild Arion banka**

Greiningardeildin gerir ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna á næstu árum, en að hægja taki á vextinum. Í grunnsviðsmynd sérfræðinga bankans er gert ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi um 11 prósent á næsta ári, og að alls 2,5 milljónir ferðamanna heimsæki landið, og 8 prósent árið 2019. Til samanburðar var vöxturinn 38 prósent í fyrra.

Að mati greiningardeildarinnar ræður flugframboð meira um fjölgun ferðamanna á næstu árum en gengisstyrking krónunnar. Bendir deildin á að árið 2005 hafi tvö flugfélög flogið allan ársins hring til landsins en í ár eru þau fimmtán talsins.

Samkvæmt grunnsviðsmynd greiningardeildarinnar má áætla að tekjur af erlendum ferðamönnum á árunum 2017 til 2020 nemi tæpum 2.400 milljörðum króna eða sem nemur allri landsframleiðslu Íslands í fyrra.

Auk þess kemur fram í úttekt greiningardeildarinnar að hagvöxtur í fyrra hefði verið nær 4 prósentum, en ekki 7,4 prósent, ef ekki hefði verið fyrir aukin umsvif í ferðaþjónustunni. Var vægi ferðaþjónustunnar í útflutningi um 42 prósent í fyrra sem er um helmingi meira en sjávarútvegur og áliðnaður samanlagt. – kij


HB
HÚSGAGNABANKINN - LAGERSALA
Faxafen 10 - opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga
Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is
Alklæddur ekta leðri
Rafknúinn
Bronson hægindastóll - Tilboð 134.000
Gegnheilt Mahogany
Chippendale skápur 159.000
7.500
Bluedio Þráðlaus heyrnatól
5.400
HD Bílaupptökuvél
Lyftistóll
í sterku áklæði
2 mótorar
125.000
Alklætt ekta leðri
11.000
Leðurtaska
Hægindastóll
í sterku áklæði
Classico sófasett - Tilboð 349.000
57.000
Hornskápur - Tilboð
79.000
ILIFE
34.000
ILIFE A4s, ryksuguvélmenni
Borðstofusett - Tilboð 359.000
Alklætt hágæða leðri
ILIFE
Alklæddur ekta leðri - Rafknúinn
Houston sófasett - Tilboð 469.000
Bronson hægindasófi - Tilboð 239.000
46.000
ILIFE A6, ryksuguvélmenni
með ósýnilegum vegg
www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030




Stóraukinni eftirspurn eftir vinnuafli að undanförnu hefur að töluverðu leyti verið mætt með innflutningi á vinnuafli. Í hausthefti Peningamála Seðlabanka Íslands var til að mynda bent á að fjölgun erlendra ríkisborgara hefði átt ríkari þátt í fjölgun íbúa á fyrri hluta þessa árs en á öllu síðasta ári. Ein birtingarmynd aukins innflutts vinnuafls er vaxandi umsvif starfsmannaleiga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spenna á vinnumarkaði að ná hámarki

**Þrátt fyrir að atvinnuleysi sé í sögulegu lágmarki, atvinnuþátttaka sjaldan verið meiri og aldrei hafi fleiri útlendingar starfað hér á landi er viðvarandi skortur á vinnuafli. Spennan á vinnumarkaði er að ná hámarki, að sögn viðmælenda Markaðarins. Innflutt vinnuafl hefur komið í veg fyrir launaskrið og keyrt hagvöxtinn áfram á umliðnum árum. Flytja þarf inn þúsundir starfsmanna til viðbótar.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Aldrei hafa fleiri útlendingar starfað hér á landi en um þessar mundir. 24.409 erlendir ríkisborgarar voru starfandi í lok júnímánaðar, samkvæmt áætlunum Vinnumálastofnunar, og hefur þeim fjölgað um rúm 17 prósent á undanförnum tólf mánuðum. Sé litið til síðustu fimm ára nemur fjölgunin hátt í 65 prósentum.

Á sama tíma er viðvarandi skortur á vinnuafli í flestum atvinnugreinum, sér í lagi byggingariðnaði og ferðaþjónustu, atvinnuleysi hefur ekki mælst lægra frá því að Hagstofa Íslands hóf mælingar árið 2003, atvinnuþátttakan nálgast sögulegar hæðir og æ fleiri fyrirtæki segjast starfa við fulla framleiðslugetu. Spennan á vinnumarkaðinum er með öðrum orðum afar mikil og hefur sjaldan verið eins áþreifanleg, að sögn viðmælenda Markaðarins.

„Við erum að nálgast hápunktinn,“ segir Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík og nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands, segir vissulega mikla spennu ríkja á vinnumarkaði. Á móti vegi hins vegar mikil aukning á innfluttu vinnuafli. „Ef ekki hefði verið fyrir erlenda vinnuaflið værum við í allt annarri stöðu. Launaskrið og verðbólga hefðu þá gert vart við sig og okkur hefði ekki tekist að þjóna öllum þeim ferðamönnum sem hér eru,“ segir hún.

Undir þetta taka fleiri sérfræðingar sem Markaðurinn ræddi við og benda á að mikil eftirspurn eftir vinnuafli hafi – enn sem komið er – ekki skilað sér í auknum verðbólguþrýstingi. Fyrr á árum hafi slík eftirspurn að jafnaði leitt til launaskriðs en svo virðist sem mikill innflutningur á vinnuafli á umliðnum árum haldi nú aftur af þeirri þróun. Þannig kom fram í hausthefti Peningamála Seðlabanka Íslands að launaskrið virðist enn lítið miðað við þá spennu sem er fyrir hendi á vinnumarkaði og „skýrist líklega af því að atvinnurekendur velja að flytja inn starfsfólk frekar en að keppa sín á milli um það vinnuafl sem er til staðar með yfirboðum í launum“.

### Mikil umsvif starfsmannaleiga

Viðmælandi Markaðarins segir ekki óvarlegt að álykta sem svo að flytja þurfi inn þúsundir starfsmanna til viðbótar til þess að mæta eftirspurninni eftir vinnuafli. Vísar hann til þess að forsvarsmenn um 41 prósents fyrirtækja töldu sig búa við skort á starfsfólki samkvæmt sumarkönnun Gallups á meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Þrátt fyrir stóraukinn innflutning á vinnuafli hefur hlutfallið lítið breyst í rúmt ár.

Ein birtingarmynd þessarar stórauknu hlutdeildar erlends vinnuafls eru vaxandi umsvif starfsmannaleiga hér á landi. Erlendir starfsmenn á vegum slíkra leiga, bæði erlendra og innlendra, voru 1.879 í júlímánuði og fjölgaði um 311 á milli mánaða. Hefur fjöldinn liðlega tífaldast á einu og hálfu ári. Á sama tíma hefur starfsmannaleigunum fjölgað um 17 en þær eru nú 30 talsins, 12 erlendar og 18 innlendar. Ef fram heldur sem horfir verða 2.500 manns starfandi á vegum starfsmannaleiganna í októbermánuði að sögn Vinnumálastofnunar.

**65%**
**er fjölgun erlendra ríkisborgara á innlendum vinnumarkaði síðustu fimm árin.**

Eins og áður sagði hefur erlendum starfsmönnum á hérlendum vinnumarkaði fjölgað hratt undanfarin ár. Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að þeir hafi verið rétt yfir 24 þúsund í júnímánuði síðastliðnum, ríflega 14 þúsund karlar og um 10 þúsund konur. Voru erlendir ríkisborgarar þá um 12 prósent af vinnuaflinu. Bæði fjöldi starfandi útlendinga hér á landi og hlutfall þeirra af heildarvinnuafli landsins er í sögulegu hámarki. Sem dæmi voru á bilinu 17.000 til 18.600 útlendingar við vinnu hér á landi í síðasta þensluskeiði vinnumarkaðarins á árunum fyrir efnahagsáfallið 2008. Náði þá hlutfall þeirra af vinnuaflinu hæst 11,8 prósentum.

Vinnumálastofnun hefur bent á að flestir útlendingar sem hér starfa komi frá ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, ráðnir beint af fyrirtækjum og þurfa ekki sérstök atvinnuleyfi. Einnig hafi mikil aukning orðið í útgáfu atvinnuleyfa til starfsmanna sem koma utan EES-svæðisins sem og ör fjölgun starfsmanna sem koma hingað til lands í gegnum starfsmannaleigur og á vegum erlendra þjónustufyrirtækja, líkt og áður var minnst á.

### Keyrt hagvöxtinn áfram

Það er kunnara en frá þurfi að segja að aukinni eftirspurn eftir vinnuafli hefur að töluverðu leyti verið mætt með innflutningi á vinnuafli. Í hausthefti Peningamála Seðlabankans var til að mynda bent á að fjölgun erlendra ríkisborgara hefði átt ríkari þátt í fjölgun íbúa á fyrri hluta þessa árs en á öllu síðasta ári. Á öðrum fjórðungi ársins fjölgaði erlendum ríkisborgurum um 5.600 talsins eða 19 prósent á milli ára, samkvæmt upplýsingum frá hagfræðideild Landsbankans. Var þá fjöldi aðfluttra útlendinga umfram brottflutta 3.130. Eru erlendir ríkisborgarar samtals orðnir um 35.500 hérlendis sem jafngildir um 10 prósentum af landsmönnum. Hafa þeir aldrei verið fleiri. Til samanburðar voru þeir mest um 7,6 prósent af mannfjölda í síðustu uppsveiflu árið 2007.

Þessi mikla fjölgun útlendinga á innlendum vinnumarkaði er að sögn viðmælanda Markaðarins til marks um hve sveigjanlegur markaðurinn er. Er til dæmis ljóst að hraður vöxtur ferðaþjónustunnar, sem og hagkerfisins í heild, á umliðnum árum, hefði ekki verið mögulegur nema fyrir verulegan vöxt í innfluttu vinnuafli. Vinnuaflið hefur „keyrt hagvöxtinn áfram“ líkt og greinandi sem Markaðurinn ræddi við orðar það.

„Ef við hefðum ekki getað flutt inn vinnuafl á síðustu árum værum við í mjög alvarlegri stöðu. Við hefðum til dæmis ekki getað fullnægt vinnuaflsþörf hagvaxtarins sem við höfum séð. Að sama skapi hefði launaskrið, og þar með verðbólguþrýstingur, sennilega verið umtalsvert meira í hagkerfinu ef ekki hefði komið til þessarar aukningar á innfluttu vinnuafli,“ segir Ingólfur.

Katrín tekur jafnframt fram að mikil gengisstyrking krónunnar á síðustu árum skýri að miklu leyti af hverju „við höfum ekki séð þetta launaskrið sem hefur yfirleitt í gegnum tíðina gert vart við sig í ástandi sem þessu“. Gengisstyrkingin hafi þýtt að kaupmáttur hafi aukist, Íslendingum til góða.

Katrín bendir meðal annars á að í kjölfar efnahagsáfallsins 2008 hafi margir Íslendingar flutt til Noregs, þar sem hærri laun stóðu til boða, en sú þróun hafi hins vegar snúist við. „Það er mjög athyglisvert. En maður veit ekki alveg hvað framtíðin ber í skauti sér,“ segir hún.

### Viðvarandi vinnuaflsskortur

Ingólfur segir aðspurður að viðvarandi skortur sé á vinnuafli. Skorturinn hamli meðal annars uppbyggingu, ekki síst í byggingariðnaðinum, sem hafi vaxið hratt undanfarið. Reynt hafi verið að mæta skortinum að hluta með því að flytja inn erlent vinnuafl, en það hafi ekki dugað til.

Niðurstöður sumarkönnunar Gallups á meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins, sem áður var fjallað um, endurspegla þennan tilfinnanlega skort á vinnuafli. Til upprifj-

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 13. SEPTEMBER 2017



Cleye droparnir frá Clear eyes eru fljótir að verka, verkun byrjar innan mínútu og endist í að minnsta kosti þrjár klukkustundir.

# Clear eyes augndropar loksins á Íslandi

Vinsælu augndroparnir frá Clear eyes við rauðum augum og ertingu í augum eru loksins fáanlegir á Íslandi. Augndroparnir heita Cleye á Íslandi en innihalda það sama og hafa sömu virkni og Clear eyes augndroparnir sem margir þekkja frá Bandaríkjunum. Fást án lyfseðils í apótekum. →2



**Þórdís Halla Sigmarsdóttir hannar skartgripi og ýmsa smáhluti úr hornum undir merkinu KúMen.**

heimili →4




Í mörg ár hafa Íslendingar þekkt Clear eyes augndropana og tekið þá heim með sér frá Bandaríkjunum. Nú eru þeir í fyrsta sinn fáanlegir í íslenskum apótekum undir heitinu Cleye. Cleye augndroparnir frá Clear eyes eru eina lyfið á Íslandi við roða og ertingu í augum.

### Cleye frá Clear eyes við rauðum augum og ertingu í augum

„Cleye frá Clear eyes inniheldur virka efnið naphazolin sem þrengir æðarnar í auganu og dregur þannig úr roða og þrota," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Droparnir eru notaðir við vægum roða og ertingu í augum sem stöku sinnum kemur fram." Cleye droparnir frá Clear eyes eru fljótir að verka, verkun byrjar innan mínútu og endist í a.m.k. 3 klst.

### Rauð og ert augu

Það kemur fyrir að augnhvítan verður rauð, til dæmis vegna þreytu eða álags og þá geta Cleye augndropar frá Clear eyes hjálpað. Augndroparnir slá eining á ertingu í augum sem oft fylgir roðanum.

### Viðtal í sjónvarpi, atvinnuviðtal, fyrsta stefnumótið eða bara erfiður vinnudagur

Stundum skiptir máli að líta sem best út og þá geta rauð augu sett strik í reikninginn. Ertu á leið í viðtal í sjónvarpi eða á fyrsta stefnumótið? – Cleye augndropar frá Clear eyes hjálpa þér við að minnka roðann og ertinguna í augunum.





Cleye frá Clear eyes við vægum roða og ertingu í augum.


Eru augun rauð á mikilvægri stundu? Cleye frá Clear eyes getur hjálpað.

> Cleye frá Clear eyes inniheldur virka efnið naphazolin sem þrengir æðarnar í auganu og dregur þannig úr roða og þrota.
>
> Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

Mikilvægt er að lesa vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

LYFIS Traust í lyfjum




# Glucosamin LYFIS við liðverkjum

Glucosamin LYFIS er ætlað við vægri til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné. Lyfið fæst án lyfseðils í öllum apótekum.

Glucosamin LYFIS er á duftformi í skammtapokum og er leyst upp í vatni. Auðvelt er að taka lyfið inn og einungis þarf að taka það einu sinni á dag.

### Fjöldi rannsókna staðfestir virkni glucosamin súlfats

„Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem staðfesta virkni glucosamin súlfats við einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné og hefur það lengi verið notað við liðverkjum. Síðan 2007 hefur verið gerð sú krafa að vörur sem innihalda glucosamin séu framleiddar og seldar sem lyf sem tryggir gæði, virkni og öryggi vörunnar," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

### Glucosamin súlfat og liðir

Glucosamin LYFIS inniheldur glucosamin súlfat sem er eðlilegur efnisþáttur í liðbrjóski og liðvökva. Rannsóknir hafa sýnt að inntaka glucosamin súlfats örvar nýmyndun mikilvægra „smurefna" í liðum, m.a. hýalúronsýru. Auk þess hefur glucosamin súlfat reynst hindra virkni brjóskeyðandi ensíma sem og myndun annarra vefjaskaðandi efna. Þessi áhrif geta stuðlað að vægri bólgueyðandi verkun.

Vegna verkunarmáta glucosamins geta liðið nokkrar vikur þar til dregur úr einkennum slitgigtar (einkum verkjum).

Glucosamin LYFIS fæst í 30 skammta pökkum í apótekum og er á góðu verði. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Liðverkir hrjá fjölda fólks og mikið mæðir á hnjáliðum sem eru stærstu liðir líkamans. Brjósk og liðvökvi eiga stóran þátt í hreyfanleika liða og þegar skemmdir verða minnkar hreyfanleiki og verkir geta komið fram.




### Glucosamin LYFIS:

- Hentar fyrir þá sem finna fyrir liðverkjum vegna slitgigtar
- Glucosamin er náttúrulegur efnisþáttur í liðbrjóski og liðvökva
- Fjöldi rannsókna á glucosamin súlfati staðfestir virkni þess
- Einn skammtur á dag
- Leyst upp í vatni – auðvelt að taka inn
- Nær bragðlaust
- Ódýr valkostur





ÞÚ GETUR UNNIÐ
150.000 kr.
GJAFABRÉF
TAKTU ÞÁTT Í FACEBOOK LEIK BIRGISSON!
ALLRA SÍÐUSTU DAGARNIR!
RISA ÚTSALA
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
PARKET-FLÍSAR-HURÐIR
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is
Tegund: Mammut Plus D3669

# Fallegir dýrgripir úr hornum

**Þórdís Halla Sigmarsdóttir hannar skartgripi og ýmsa smáhluti úr hornum undir merkinu KúMen. Fyrstu vörurnar voru ætlaðar vinum og ættingjum en fljótlega jókst eftirspurnin eftir þeim.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Þórdís Halla Sigmarsdóttir er á bak við hönnunarmerkið KúMen og hannar helst skartgripi og ýmsa fallega smáhluti úr hornum. „Ég útskrifaðist 1995 sem smíðakennari frá Kennaraháskóla Íslands. Ég hef unnið með fjölbreyttan efnivið í gegnum tíðina og farið á fjölda námskeiða sem tengjast handverki, til dæmis í tengslum við silfursmíði, tálgun og textíl. Undanfarin sjö ár hef ég verið að prófa mig áfram með að smíða úr hornum. Þær vörur hafa fengið góðar viðtökur og fóru mjög fljótlega úr því að vera gjafir til vina og ættingja í að vera söluvara."

Helstu vörur hennar eru hálsmen og ermahnappar. „Helstu söluvörur mínar eru hálsmen, ermahnappar og útskorin smágerð mynstur í kýrhornsplötur en þær hef ég ekki séð hjá öðrum hönnuðum. Í raun hafa hringmenin mín verið vinsælust en á þeim snýst innri hringurinn í þeim ytri svo menin hreyfast á þeim sem ber það."

Í maí síðastliðnum tók hún í fyrsta sinn þátt í Handverki og hönnun, sýningunni sem fer fram reglulega í Ráðhúsi Reykjavíkur. „Þar fékk KúMen mjög góðar viðtökur og ég ætla að freista þess að sækja um aftur. Næsta sýning verður 23.-27. nóvember og vonandi fæ ég aftur að vera með. Svo hef ég verið með í ýmsum litlum handverksmörkuðum, til dæmis á Sjóminjasafninu, og allt hefur þetta gengið vel."



„Ég er afar spennt fyrir frekari þróun varðandi vörurnar mínar," segir Þórdís Halla Sigmarsdóttir, eigandi KúMens. MYNDIR/ERNIR

### Frekari þróun framundan

Frekari vöruþróun er fram undan í vetur segir Þórdís Halla. „Ég er afar spennt fyrir frekari þróun varðandi vörur mínar. Handverkið er enn sem komið er kvöld- og helgarvinna en það gefur mér mikið að skapa og vinna með höndunum. Vörurnar mínar voru nýlega teknar í sölu í Snæfellsstofu í Vatnajökulsþjóðgarði. Segja má að hreindýrshornin séu þar komin aftur heim svo sá sölustaður er einstaklega viðeigandi. Svo mun Islandica, sem er ný verslun á Klapparstíg í Reykjavík, bráðum selja vörurnar mínar."

> **Helstu söluvörur mínar eru hálsmen, ermahnappar og útskorin smágerð mynstur í kýrhornsplötur en þær hef ég ekki séð hjá öðrum hönnuðum.**

Verkstæði Þórdísar Höllu er til húsa í bílskúr á Kársnesinu í Kópavogi. „Þar rekur pabbi minn litla verslun en hann rak lengi vel verslun og gullsmíðaverkstæði á Hverfisgötu í Reykjavík. Í dag er hann 82 ára gamall og mætir á hverjum degi eftir hádegi í skúrinn og opnar litlu búðina sem hann hefur útbúið þar. Sannarlega magnaður karl. Ég nýti svo verkstæðið á kvöldin og um helgar fyrir mína vinnu."

Hönnun KúMens má skoða á Facebook.



Tvær skeftar sultuskeiðar og tveir upptakarar úr íslensku hreindýrshorni.



Hringmenin vinsælu, en þau eru úr kýrhornum.



Þórdís Halla og faðir hennar, Sigmar Ólafur Maríusson.



# Sjávarútvegs-sýning 2017

MIÐVIKUDAGUR 13. SEPTEMBER 2017

Kynningar: Vodafone



NORDICPHOTOS/GETTY



Marianne Rasmussen-Coulling þekkir vel til í íslenskum sjávarútvegi. Hún hefur starfað við sjávarútvegssýninguna frá árinu 1996 og verið framkvæmdastjóri hennar frá 2008. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON

# Áhugaverðar nýjungar á IceFish

**Íslenska sjávarútvegssýningin, IceFish, verður haldin í Fífunni í Kópavogi 13. til 15. september. IceFish er alþjóðleg fagsýning helguð Íslandi. Fyrirtæki frá 22 löndum taka þátt en erlendum sýnendum hefur fjölgað um rúm fjörutíu prósent frá síðustu sýningu. Gestir koma frá um 40 löndum.**

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Íslenska sjávarútvegssýningin hefur eflst og vaxið með hverju ári og endurspeglar vel hina öru þróun sem orðið hefur í greininni. Sýningin hefur frá upphafi opnað mikilvægan glugga til umheimsins, bæði hafa íslensk fyrirtæki getað kynnt vörur sínar fyrir áhugasömum aðilum í sjávarútvegi erlendis, og erlend fyrirtæki komið sinni framleiðslu á framfæri. En stærsta breytingin er kannski sú að þegar ég kom hér fyrst til starfa voru íslensk fyrirtæki ekki með jafn breitt og framúrskarandi úrval af vörum og þau eru nú og jafn framarlega á sínu sviði og raun ber vitni í nútímanum,“ segir Marianne Rasmussen-Coulling sem hefur starfað við Íslensku sjávarútvegssýninguna frá árinu 1996 og verið framkvæmdastjóri hennar frá 2008. Sýningin sjálf hefur verið haldin á þriggja ára fresti frá árinu 1984.

## Vekur athygli umheimsins

„Á síðustu tuttugu árum hafa mörg íslensk fyrirtæki orðið leiðandi á heimsvísu í framleiðslu og þjónustu fyrir sjávarútveginn og veita ekki aðeins erlendum fyrirtækjum harða samkeppni heldur eru í sumum tilvikum fyrirmyndir hvað varðar þróun tækjabúnaðar og vöruhönnunar. Þetta er mjög jákvæð breyting og endurspeglar vel hvað íslenskur sjávarútvegur hefur sterka stöðu og er nútímavæddur,“ segir Marianne og bendir á að frá síðustu sýningu fyrir þremur árum hafi íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fjárfest í sextán nýjum skipum fyrir rúmlega 35 milljarða króna og sömuleiðis hafi mikið verið fjárfest í öðrum búnaði, bæði á landi og sjó. „Svo mikil fjárfesting í nýjum búnaði vekur athygli umheimsins og sýnir vel hvað Íslendingar fylgjast vel með tækninýjungum í greininni. Íslendingar hafa einnig með nýsköpun og frumkvöðlastarfi tekið forystu í að endur- og fullvinna þá hluta sjávarafurða sem áður var kastað á glæ, og á þeim sviðum liggja spennandi tækifæri til mikillar verðmætasköpunar og þróunar."

## Afar spennandi sýning í ár

Marianne segist afskaplega stolt af sýningunni í ár þar sem yfir 500 fyrirtæki og vöruflokkar eru til sýnis. „Ekki aðeins er umgerð hennar hin glæsilegasta heldur eru fjölmörg fyrirtæki einnig að sýna búnað sem vísar til framtíðarinnar í sjósókn og fiskvinnslu,“ segir hún og nefnir sem dæmi þrívíddarmatarprentara, sem mótar eða prentar rétti úr íslenskum sjávarfangi. „Einnig geta gestir skoðað hátæknivinnslulausnir Marels með hjálp sýndarveruleika, sem virkar þannig að notandinn setur upp sérstök sýndarveruleikagleraugu sem sýna honum 360° endursköpun á nútíma fiskvinnslustöð.“



Yfir 500 fyrirtæki og vöruflokkar eru til sýnis á IceFish.

**„Sýningin hefur frá upphafi opnað mikilvægan glugga til umheimsins.**

Meðal annarra nýjunga á sýningunni má nefna nýtt fjölhliða samfélagsmiðlaprógramm sem styðst við Twitter, Facebook og LinkedIn og nýja IceFish-appið sem er fáanlegt bæði á ensku og íslensku. Þetta snjallsímaforrit var hannað til að auðvelda gestum að feta sig í gegnum sýninguna.

## Ráðstefna og verðlaun

Í tengslum við sýninguna verður í annað sinn boðið upp á ráðstefnuna „Fiskúrgangur skilar hagnaði“ sem stofnuð var af skipuleggjendum IceFish árið 2014 og endurspeglar að þessu sinni þann mikla árangur sem íslenskir frumkvöðlar hafa náð við að hagnýta fiskinn í heild sinni.

Þá verða í fyrsta sinn veittir námsstyrkir Íslensku sjávarútvegssýningarinnar. „IceFish- námssjóðurinn veitir tvær milljónir króna til að styrkja fjóra nemendur til sérhæfingar í tækni við veiðar og vinnslu hjá Fisktækniskóla Íslands í Grindavík,“ upplýsir Marianne en fjárstuðningur upp á samtals hálfa milljón króna við tvo styrkþega þessa árs verður kynntur á föstudag.

Þá verða Íslensku sjávarútvegsverðlaunin afhent í sjöunda sinn. Verðlaunin voru fyrst veitt árið 1999, til að heiðra og verðlauna það besta á sviði fiskveiða og fiskvinnslu, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi.

## Fleiri erlendir sýnendur

Erlendum sýnendum hefur fjölgað mikið á milli sýninga að sögn Marianne. „Við erum með sýnendur frá 22 löndum sem er rúmlega 40 prósent fjölgun á milli sýninga. Þeir koma meðal annars frá Bandaríkjunum og frá Evrópulöndum á borð við Frakkland, Þýskaland, Bretland, Danmörku, Noreg, Holland og Portúgal. Einnig koma sýnendur lengra að, til dæmis frá Indlandi, Bangladess, Singapúr og Perú. Það er mjög ánægjulegt að bjóða velkomna kaupendur að vörum íslenskra framleiðenda frá Austurlöndum fjær, Ameríku og Afríku, enda fjársterkir aðilar sem stefna á fjárfestingar fyrir útgerðir sínar og vinnslur ytra. Skráðir gestir á sýningunni eru síðan frá um 40 löndum, meðal annars frá jafn fjarlægum löndum og Brasilíu, Malasíu og Filippseyjum, svo fátt eitt sé nefnt.“

Á vefsíðu IceFish www.icefish.is er að finna nýjustu fréttir af sýningunni, sýnendum og sjávarútveginum.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is


Öflugur samstarfsaðili í sjávarútvegi
Hjá Landsbankanum starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla reynslu sem aðstoðar þig við að koma hugmyndum í framkvæmd. Við tökum virkan þátt í uppbyggingu í sjávarútvegi og erum traustur bakhjarl og samstarfsaðili.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000



„Ég tel líka mikilvægt að gera störf í sjávarútveginum aðlaðandi fyrir ungt og efnilegt fólk til þess að fá ný sjónarhorn og hugmyndir sem munu ýta undir frekari vöxt,“ segir Hrönn Margrét Magnúsdóttir, einn af stofnendum og forstjóri Ankra – Feel Iceland. MYND/ERNIR

# Spennandi tímar fram undan

**Nýting aukaafurða úr íslensku sjávarfangi hefur stóraukist á síðastliðnum árum. Mikil tækifæri eru fyrir íslensk fyrirtæki til að þróa og selja vörur á borð við fæðubótarefni, húðvörur og lyf.**






Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Mikil og ánægjuleg þróun hefur orðið á nýtingu aukaafurða úr íslensku sjávarfangi á síðastliðnum árum og hefur þessi nýting þróast töluvert á skömmum tíma, frá því að þurrka þorskhausa og selja til Afríku í það að framleiða fæðubótarefni, hágæðahúðvörur, sáraumbúðir og lyf segir Hrönn Margrét Magnúsdóttir einn af stofnendum og forstjóri Ankra – Feel Iceland. „Við höfum horft upp á megnið af fiskinum okkar selt erlendis sem hráefni undanfarin ár og þar eru búnar til vörur fyrir neytendur. Það er því mikil verðmætasköpun sem hefur átt sér stað erlendis en ekki hérna á Íslandi. Nú er þetta vonandi að snúast við að einhverju leyti því að við erum að sjá flottar íslenskar vörur á markaðnum sem eru framleiddar úr besta fiski í heimi og flestar þessar vörur eru framleiddar úr hráefni sem áður var hent eða lítið fékkst fyrir. Það verður því spennandi að sjá hvernig við eigum eftir að finna nýjar leiðir til að nýta hreina sjávarfangið okkar á næstu tíu árum.“

## Mikil vaxtartækifæri

Aðspurð segist hún vonast til þess að Ísland nái enn frekar á næstu árum að gera íslenskar sjávarafurðir að hágæðavörum og hráefni í huga erlendra neytenda og þar séu klárlega mikil vaxtartækifæri. „Við erum með takmarkaða auðlind af einum hreinustu sjávarafurðum sem völ er á og

> **Við erum í samstarfi við íslensk rannsóknarfyrirtæki sem gerir okkur kleift að nýta áratuga rannsóknarvinnu til þess að setja á markað hágæðavörur. Þar horfum við aðallega á hráefni sem koma úr hafinu umhverfis Ísland.**

því þurfum við að koma á framfæri erlendis. Ég tel líka mikilvægt að gera störf í sjávarútveginum aðlaðandi fyrir ungt og efnilegt fólk til þess að fá ný sjónarhorn og hugmyndir sem munu ýta undir frekari vöxt.“

Vörur Ankra, sem seldar eru undir vörumerkinu Feel Iceland, samanstanda af fæðubótarefnum og húðvörum sem eru unnar úr aukaafurðum íslenska þorsksins. „Þar erum við aðallega að nýta kollagen sem er unnið úr fiskroðinu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að upptaka líkamans á fiskikollageni sé mun betri heldur en á kollageni unnu úr til að mynda svínum. Varan okkar, Joint Rewind, inniheldur utan kollagens, chondroitin sulfate sem er unnið úr laxi og hefur reynst vel við að minnka liðverki. Við bjóðum svo líka upp á vörutvennuna Age Rewind sem samanstendur af kollageni til inntöku og andlitsserumi sem inniheldur bæði kollagen og meltingarensím úr þorski. Ensímin klippa í sundur prótein sem hvetur húðina til að endurnýja sig hraðar. Vörur okkar eru mjög náttúrulegar og við notum engin aukefni eða rotvarnarefni. Það má meira að segja borða andlitsserumið.“

## Mikil þróun í gangi

Hrönn segir margt spennandi fram undan hjá fyrirtækinu varðandi frekari vöruþróun. „Við erum í samstarfi við íslensk rannsóknarfyrirtæki sem gerir okkur kleift að nýta áratuga rannsóknarvinnu til þess að setja á markað hágæðavörur. Þar horfum við aðallega á hráefni sem koma úr hafinu umhverfis Ísland. Við leggjum ekki bara mikið upp úr því að nota íslenskt hráefni heldur einnig íslenskt hugvit.“

Í dag eru vörur fyrirtækisins seldar í Magasin du Nord í Danmörku, hjá dönskum húðlæknum og einnig í nokkrum verslunum hér á landi. „Við finnum fyrir mikilli eftirspurn erlendis og vinnum nú í því að svara henni. Þar munum við aðallega horfa til Bandaríkjanna og Asíu á næstu árum.“

Hrönn heldur fyrirlestur á Íslensku sjávarútvegssýningunni sem henni finnst vera frábær vettvangur til að efla tengslanet bæði við innlenda og erlenda aðila. „Þarna eru samankomnir stærstu aðilarnir á markaðnum að kynna starfsemi sína sem getur gefið manni góða yfirsýn yfir hvað koma skal á næstunni.“


ELKA
CARGO OIL
Castrol
TEXACO
ECOLAB
BÁS C40
ÍSLENSKA SJÁVARÚTVEGSSÝNINGIN Í SMÁRANUM
13.–15. SEPTEMBER
VONUMST TIL AÐ SJÁ ÞIG!
OLÍS OG REKSTRARLAND ÞJÓNA ÚTGERÐINNI
Í útgerðarvörudeild okkar fást allar helstu rekstrarvörur fyrir sjávarútveginn, allt frá veiðarfærum til hlífðarfatnaðar. Hjá okkur starfa ráðgjafar sem eru sérfræðingar í gæðasmurefnum og hreinsiefnum fyrir fiskvinnslu á sjó og landi. Við leggjum áherslu á að bjóða allt sem þarf til útgerðarstarfsemi.
Söluráðgjafar Olís svara fyrirspurnum í síma 515 1100 og á pontun@olis.is.
Sendum hvert á land sem er.
olís
REKSTRARLAND

# Sjómennskan er heillandi

Jónína Hansen er alin upp í sjómannafjölskyldu í Reykjavík. Bæði faðir hennar, bræður og yngri systir voru sjómenn. Það kom ekkert annað til greina hjá henni en að feta sömu braut.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Sjórinn hefur alltaf heillað Jónínu. „Ég ólst upp í Höfðaborginni við Borgartún og þar hafði maður útsýni yfir hafið,“ segir Jónína sem lauk námi við Stýrimannaskólann og náði sér í skipstjórnarréttindi. Hún hefur þó ekki enn starfað sem skipstjóri en segist vel geta hugsað sér það í framtíðinni. Jónína hefur gegnt ýmsum störfum um borð sem háseti, kokkur, vélavörður, vélstjóri og stýrimaður. Ég hef verið á alls kyns skipum, meðal annars á línu, trolli og frakt. Öll störf til sjós eru skemmtileg. Þægilegast fannst mér kokkastarfið, að vera í eldhúsinu og matreiða. Stýrimennskan var sömuleiðis fín. Ég fór fyrst á sjó sem unglingur með pabba, hef aldrei verið sjóveik eða sjóhrædd,“ segir Jónína sem hóf störf sem veiðieftirlitsmaður hjá Fiskistofu á 25 ára afmæli stofnunarinnar núna 1. september. „Ég er í starfsþjálfun þessa dagana en starfið fer fram á sjó og í landi. Ég verð einn mánuð á sjó og hinn í landi. Ég er aðeins að breyta til núna og finnst það spennandi. Ég fæ áfram að vera á sjó og finna lyktina af hafinu.“

Jónína segist ekki hafa siglt um á skemmtiferðaskipum en getur vel hugsað sér það. „Það væri ekki amalegt að sigla um Karíbahafið. Ég myndi alveg vilja prófa að vinna um borð á slíku skipi.“

Það kom engum í fjölskyldu hennar á óvart þegar hún ákvað að verða sjómaður. Það lá nokkuð í loftinu. „Ég er búin að vera á sjónum nánast stöðugt núna frá árinu 2006. Íslenskir karlar eru vanir því að konur séu að vinna um borð. Ég mætti hins vegar oft undrunaraugum þegar ég kom á land í erlendum höfnum. Þarlendum karlmönnum þótti skrítið að sjá konu í vinnu á dekkinu. Þegar maður kom oftar fóru þeir að venjast þessu,“ segir Jónína sem aðeins einu sinni hefur unnið með annarri konu um borð. „Ég er alltaf eina konan. Yfirleitt hafa vinnufélagar mínir verið yndislegir í allri framkomu. Það ganga allir í sín störf, jafnt konur sem karlar og engum hlíft. Starfið getur verið erfitt og stundum eru langar vaktir, sérstaklega í veiðiferðum.“

> „Yfirleitt hafa vinnufélagar mínir verið yndislegir í allri framkomu. Það ganga allir í sín störf, jafnt konur sem karlar og engum hlíft.

Áhugamál Jónínu eru ekki síður karllæg því hún geysist um á mótorfák í frístundum. Hún er auk þess í björgunarsveit og er varaformaður Sigurvonar í Sandgerði. Svo finnst henni ótrúlega skemmtilegt að elda góðan mat. Annað áhugamál hennar er kvenlægara, Jónínu finnst einstaklega gaman að sauma amerísk jólasokka. „Vinkonur mínar grenja oft úr hlátri þegar þær sjá mig sitja og sauma. Þeim finnst að ég eigi frekar að vera í aksjón,“ segir Jónína sem á eiginmann, fjögur börn og tvö barnabörn. „Ég er mikil fjölskyldukona,“ segir sjóarinn.



Jónína Hansen er með sjómannsblóð í æðum og hefur langa reynslu af sjómannsstörfum. MYND/VILHELM

# Háhraðanet fyrir hetjur hafsins

Vodafone hefur byggt upp öflugt sjósamband út á miðin í kringum landið. Það auðveldar sjómönnum að vera í góðu sambandi heim um leið og öryggi og lífsgæði aukast um borð í skipum.

Vodafone hefur unnið ötullega að því að koma upp öflugu 4G háhraðanetsambandi á öllum fiskimiðum við Ísland. Við leitumst við að veita sjófarendum fyrsta flokks netþjónustu til sjós, sem eykur öryggi og lífsgæði um borð,“ segir Svanur R. Jónsson hjá fyrirtækjasölu Vodafone.

Hérlendis er Vodafone leiðandi í notkun á langdrægu 4G tíðnibandi á 800MHz sem gefur viðskiptavinum félagsins framúrskarandi upplifun í notkun á gagnaflutningi í farsímakerfum.

„Þessi þjónusta hefur mælst afar vel fyrir hjá útgerðum af mismunandi stærð. Mörg af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins hafa bæst í hóp viðskiptavina Vodafone eftir að uppbygging sjósambandanna fór af stað af fullum krafti,“ segir Svanur og bætir við: „Uppbygging á 4G og 3G sjósamböndum félagsins hefur að hluta til verið unnin í samstarfi við mörg helstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Kerfið gagnast þó ekki einungis stærri útgerðum, heldur geta allir sem sækja sjóinn nýtt sér þessa þjónustu.“

## Björgunarsveitir með Vodafone

Björgunarsveitirnar hafa tekið þessu fagnandi en 4G búnaður hefur verið settur upp í björgunarbátum þeirra. „Engum dylst að það getur skipt sköpum að vera í góðu sambandi í björgunarleiðangri upp á að koma upplýsingum hratt á milli og vera í beinu sambandi við stjórnstöðvar, sem nú geta einnig verið færanlegar þar sem þessi búnaður er líka notaður í bíla,“ upplýsir Svanur.




4G sambönd eru öðru fremur nefnd í sambandi við uppbygginguþjónustusvæðis. En hvers vegna þau frekar en einhver önnur? „4G tæknin bætir gæði og upplifun netsambands úti á miðunum og er hagkvæmari fyrir sjávarútvegsfyrirtæki en aðrar lausnir sem hafa verið í boði á sömu svæðum,“ segir Svanur.

Útheimtir lausnin mikla yfirbyggingu eða flókinn tækjabúnað á skipum? „Sjósambandslausnum Vodafone fylgir fyrsta flokks 4G netbúnaður sem er tengdur við loftnet til að tryggja hámarksgæði tengingar. Hægt er að tengja fjölda tækja á borð við snjallsíma og spjaldtölvur við búnaðinn og þannig deila sambandinu milli margra í einu. Ef þess er óskað er einnig hægt að stilla tenginguna þannig að hún mæli sérstaklega notkun niður á einstaka skipverja um borð. Fjöldi gagnamagnspakka er síðan í boði sem hægt er að velja í samræmi við áætlaða notkun,“ segir Svanur og hvetur fólk til að hafa samband við Vodafone.

> „Við leitumst við að veita sjófarendum fyrsta flokks netþjónustu til sjós, sem eykur öryggi og lífsgæði um borð,“ segir Svanur R. Jónsson hjá fyrirtækjasölu Vodafone.

„Það er hægt að senda tölvupóst á sjosamband@vodafone.is og við skoðum hvað við getum gert fyrir viðkomandi. Vodafone er leiðandi í 4G uppbyggingu bæði á landi og sjó en 4G Vodafone nær nú til 96 prósenta landsmanna.“

## Fast mánaðargjald á gervihnattaþjónustu

Þá nefnir Svanur að gervihnattaþjónusta Vodafone bjóði upp á öfluga internet-tenginu gegn föstu mánaðargjaldi. „Búnaður um borð velur sjálfvirkt besta netsambandið (4G, VSAT, Iridium), þjappar og geymir gögn og tryggir þannig sem hraðvirkust netsamskipti. Með sjósendum Vodafone, með milligöngu gervihnattasambands hringir þú og sendir SMS án krókaleiða og notar GSM-símann alveg eins og venjulega. Þetta er þægilegasta leiðin til að vera í sambandi frá sjó,“ segir Svanur að lokum.


Lykill
að bættum
veiðum:
GLORIA®
Þantroll
...breiðari opnun - bætir veiðarnar
...minni mótstaða á stærri togfleti
...heldur lögun vel á litlum hraða
...auðveld í köstun og hífingu
...minni titringur og lægri hljóðbylgur,
lágmarka fiskfælni
...yfirfléttaður kaðall með núningshlíf
í mismunandi litum fyrir hvert byrði
Við erum á Íslensku
sjávarútvegssýningunni
í Smáranum.
Sýningarsvæði D-50
13. - 15. september
HAMPIÐJAN
– Veiðarfæri eru okkar fag
www.hampidjan.is

# Dugandi umhyggja í 91 ár

**Fyrir áræðni sjómannsins Hans Kristjánssonar frá Suðureyri við Súgandafjörð fengu íslenskir sjómenn loks dugandi sjóklæðnað á 3. áratug síðustu aldar. Framtak Hans markaði upphaf 66°N.**

Hans fór ungur til sjós og skynjaði að íslenskir sjómenn þyrftu dugandi sjóklæði í glímu sinni við óblíð náttúruöflin. Meðfram sjómennskunni fetaði hann sig áfram við gerð sjófatnaðar og árið 1924 hlaut Hans styrk frá Fiskifélagi Íslands til að nema sjóklæðagerð í Noregi. Tveimur árum síðar stofnaði Hans Sjóklæðagerð Íslands í bakhúsi við Laugaveg 42, þar sem hann framleiddi sterkan og endingargóðan sjófatnað sem var að öllu leyti samkeppnisfær við innfluttan sjófatnað þess tíma. Á þeim tíma klæddust flestir sjómenn skósíðum sjóstökkum og báru sjóhatta. Við framleiðslu sjóhatta og sjóstakka notaði Hans í fyrstu olíuborna og þurrkaða dúka sem unnir voru í Skotlandi, en fljótlega var farið að olíubera dúkana hér heima. Léttari og meðfærilegri pólývínýl-efni, sem enn eru notuð í regnfatnað, komu til sögunnar eftir síðari heimsstyrjöld og gjörbyltu framleiðslu sjófatnaðar.

Árið 1929 stofnaði Hans hlutafélag um starfsemina. Gríðarleg breyting varð á framleiðslu fyrirtækisins 1958 þegar fyrirtækið keypti hátíðnisuðuvél sem bræddi saman sauma á pvc-húðuðum efnum. Útflutningur á vörum fyrirtækisins hófst 1984 og í lok níunda áratugarins hóf 66°N framleiðslu á flotvinnugöllum, sem kröfuharðir sjómenn kunnu vel að meta. Frá 1970 og næstu áratugi runnu mörg umsvifamestu fyrirtæki í fataiðnaði á Íslandi inn í fyrirtækið, eins og Belgjagerðin, Verksmiðjan Max og Vinnufatagerð Íslands.

Nafnið 66°N kom til sögunnar löngu síðar og á rætur að rekja til þess að Súgandafjörður stendur rétt sunnan við heimskautsbaug, á breiddargráðu 66°N. Sjóklæðagerðin 66°N hefur frá upphafi verið brautryðjandi í framleiðslu sjóvinnufatnaðar og þjónað þörfum sjávarútvegsins, aukið öryggi íslenskra sjómanna og gert þeim vistina á hafinu bærilegri. Hinn klassíski sjóstakkur, stígvélasíður og stór um sig, með sjóhatt í stíl, hélt velli fram undir lok fimmta áratugarins en arftakar hans, sjóbuxurnar, anórakkarnir og jakkarnir eru enn í notkun, dag og nótt, á fiskimiðunum.



Síður sjóstakkur og sjóhattur voru lengi vinnuklæðnaður íslenskra sjómanna.



Nútíminn um borð. Hér má sjá nýjustu útfærslur sjóklæðnaðar 66°N. MYND/KJARTAN HREINSSON



Sjómaðurinn og athafnamaðurinn Hans Kristjánsson var upphafsmaður Sjóklæðagerðarinnar 66°N. MYND/ÚR EINKASAFNI FJÖLSKYLDU HANS

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

Framúrstefnuhugmynd
Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017

KALLAÐ ER EFTIR HUGMYNDUM SEM EFLA ÍSLENSKAN SJÁVARÚTVEG OG TENGDAR ATVINNUGREINAR

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2017

Markmið samkeppninnar er að finna framsæknar og frumlegar hugmyndir sem skapa umræðugrundvöll eða nýja hugsun í sjávarútveginum. Við mat á hugmyndum verður m.a. litið til eftirfarandi þátta:



*Svifaldan, verðlaunagripur Framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar.*

**Frumleika, virðisauka, sjálfbærni og ímyndar greinarinnar út á við**

Verðlaunaféð er kr. 500.000 en auk þess fá hugmyndirnar kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni 16.-17. nóvember í Hörpu.

Í umsókn þarf að lýsa hugmynd á hnitmiðaðan hátt, koma með tillögu að framkvæmd og geta til um væntanlegan afrakstur og góð áhrif á ímynd íslenskra afurða (hámark 2 bls.). Skilyrðin eru tvö:

**Hugmyndin þarf að vera framúrstefnuleg**

**Hugmyndin þarf að vera raunhæf**

Frestur til að skila inn framúrstefnuhugmynd er 10. október 2017. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sjávarútvegsráðstefnunnar **www.sjavarutvegsradstefnan.is**

Aðal styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017

SAMSKIP TM Oddi Íslandsbanki HB GRANDI ICELANDAIR CARGO


Við verðum á
Sjávarútvegssýningunni 2017
og tökum vel á móti þér í bás C12.
KLETTUR
ÞEGAR MEST
Á REYNIR
VELDU VÖNDUÐ VÖRUMERKI SEM HAFA
SANNAÐ SIG TIL SJÓS OG LANDS
CAT
Lyftarar, loftpressur, gírar,
aflvélar og rafstöðvar í
hæsta gæðaflokki.
Við leggjum mikla áherslu á þjónustuþáttinn og
undirstrikum að það er margsannað hversu
miklu skiptir að fá þjónustu frá sérhæfðum
starfsmönnum fyrir viðkomandi vélbúnað.
CAT
IR Ingersoll Rand
SCANIA
ZF
KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK
590 5100

# Íslenskur fiskur og sjálfbærni eitt

ISF var stofnað árið 2012 af 17 fyrirtækjum í sjávarútvegi. Í dag eru eigendur félagsins 52. Tilgangur þess er að sækja um MSC sjálfbærnivottun og viðhalda vottuninni fyrir veiðar íslenskra skipa.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is





Kristinn Hjálmarsson og Erla Kristinsdóttir eru verkefnastjórar Iceland Sustainable Fisheries. MYND/ERNIR

Starfsemi ISF (Iceland Sustainable Fisheries) er einstök á heimsvísu. Félagið er opið öllum fyrirtækjum sem vilja geta flutt út sjávarafurðir, sem eiga að bera sjálfbærnimerki MSC. Með þessari opnu aðild, þá deilist töluverður vottunarkostnaður á mörg fyrirtæki og þekking safnast fyrir á einn stað, sem aðildarfélagar geta allir nýtt sér. „Hlutverk starfsmanna félagsins er að undirbúa og sækja um vottun á fiskveiðar, vinna við gagnaöflun um íslenskan sjávarútveg, koma þeim upplýsingum til skila til vottunarstofa og svara spurningum um íslenskan sjávarútveg út frá sjálfbærni," segir Kristinn Hjálmarsson, annar af tveimur verkefnastjórum félagsins. „Þegar vottun á sjálfbærni fiskveiða hefur verið staðfest þá vinnum við að því að uppfylla skilyrði fyrir því að vottunin haldi áfram, að hún verði ekki afturkölluð vegna skorts á upplýsingum eða skorts á frumkvæði hér heima til að gera alltaf betur í umgengni við auðlindir og lífríki hafsins."

*En hvað er MSC vottun?* „MSC er starfsemi sem er ekki rekin í hagnaðarskyni, heldur hefur það að markmiði að öll höf heimsins iði af lífi og geti endalaust séð heiminum fyrir sjávarréttum og mat úr sjávarfangi. Til að ná því markmiði hefur MSC þróað og viðhaldið staðli um það hvað eru sjálfbærar veiðar," útskýrir Kristinn. Hann segir lokatakmarkið með vottuninni að menn geti alltaf leitað í hafið eftir mat eða hráefnum í lækningavörur svo dæmi séu nefnd. „Íslenskur sjávarútvegur hefur lagt mikið af mörkum í gegnum árin og er jafnvel á eða að nálgast tímaskeið þar sem við sjáum enn meira af spennandi nýjungum sem auka verðmæti og notagildi þess sem hafið gefur." Hann segir Íslendingum lífsnauðsynlegt að geta leitað fanga í hafinu. „Við verðum að sjá til þess að það sé allt í lagi með lífríki hafsins."

*En hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að hljóta vottun?* „Það eru þrjú grunnprinsipp sem MSC staðallinn byggir á. Í hverju prinsippi er síðan fjöldi mælikvarða sem fiskveiðar verða að standast til að hljóta vottun," segir Kristinn. Hann segir mikilvægt að hafa í huga að MSC er ekki vottunaraðilinn, heldur sú starfsemi sem er eigandi og þróunaraðili staðalsins. „Þegar ISF sækir um að fá vottun á fiskveiðar er send umsókn til MSC, en það eru síðan óháðar vottunarstofur sem bjóða í að vinna vottunina og bera fiskveiðar saman við staðalinn. Við semjum við eina vottunarstofu en það eru vísindamenn og sérfræðingar hennar sem á endanum ákveða það hvort við fáum vottun eða ekki. Það er því í raun ekki vottunarstofan sem ákveður það ein, því hún skilar inn áfangaskýrslum sem hvaða hagsmunaaðilar sem er geta lesið og gert athugasemdir við. Ef athugasemdir eru veigamiklar, getur það þýtt að við fáum ekki vottun eða hún verði gefin út með ströngum skilyrðum," útskýrir Kristinn.

Aðspurður segir Kristinn það hafa gríðarmikla þýðingu fyrir íslenskar fiskveiðar og útflutning á sjávaraafurðum að hafa MSC vottun á útflutningsvörum, enda er MSC þekktasta og útbreiddasta sjálfbærnivottunin. „Neytendur á mikilvægustu mörkuðum fyrir íslenskar sjávarafurðir eru mjög upplýstir um versnandi horfur í lífríki hafsins og kaupa ekki sjávarfang, nema sjálfbærni þess hafi verið staðfest. Fólk treystir því að MSC stimpillinn tryggi að fólk aféti ekki hafið, að veiðarfæri skaði ekki vistkerfið, að veiðar gangi ekki á stofnstærðir og að stjórnvöld í hverju landi stýri sínum fiskveiðum á ábyrgan hátt." Kristinn bendir á að án MSC vottunar myndum við Íslendingar ekki selja fisk til okkar mikilvægustu markaða, eins og Bretlands, því nær allar verslanakeðjur þar í landi hafa bundist samtökum um að vernda hafið. „Breskar verslanakeðjur vilja að breskir neytendur geti verið fullvissir um að fiskur í verslunum þeirra sé úr sjálfbærum veiðum. Þess vegna kaupa breskar verslanakeðjur ekki fisk sem hefur ekki sjálfbærnivottun."

Sem stendur eru tæp 80% af lönduðum afla á Íslandi úr fiskveiðum sem hafa verið vottaðar sjálfbærar samkvæmt MSC staðlinum. „Við eigum von á því að makrílveiðar íslenskra fiskiskipa fái MSC vottun á næstu dögum og þá eykst hlutfallið enn frekar, enda um magnmiklar veiðar að ræða," upplýsir Kristinn. Í dag eru um 6% af öllu MSC vottuðu framboði í heiminum frá íslenskum fiskveiðum. „Það er vel að verki staðið enda veiðum við bara 1% af öllum afla sem landað er árlega."

Kristinn telur hægt að auka þetta hlutfall enn meira á næstu árum. „Þegar við tókum við því verkefni að sækja um og viðhalda MSC sjálfbærnivottunum fyrir íslenskar fiskveiðar, þá fengum við það veganesti frá stjórn félagsins að Ísland ætti að verða vottaðasta land í heimi. Það góða er að íslenskar fiskveiðar og íslensk fiskveiðistjórnun hefur verið til fyrirmyndar, sem gerir okkar starf mögulegt. En þótt við verðum ekki vottaðasta land í heimi, verðum við vonandi með yfir 95% af fiskveiðum íslenskra skipa sjálfbært vottuð," segir Kristinn og bendir á að ekki sé einungis verið að votta stærstu eða verðmætustu tegundirnar, heldur allar nytjategundir. „Minnsta vottaða tegundin er um 0,1% af heildarmagni og stærsta um 25%."

Kristinn segir íslenskum fiskveiðum lengi hafa verið stýrt og hagað þannig að þær séu sjálfbærar og að hafið geti séð Íslendingum fyrir mat og velsæld. „Við viljum að íslenskur fiskur og sjálfbærni séu eitt. Ef einhver einhvers staðar í heiminum er að leita að sjálfbærum fiski þarf ekkert að hugsa sig um. Bara kaupa íslenskan fisk."

VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Sérblaðið um vörubíla og vinnuvélar kemur út 26. september.
Í þessu blaði geta auglýsendur keypt kynningar sem auglýsandinn vinnur með blaðamanni Fréttablaðsins eða hefðbundar auglýsingar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



# Vantar meira afl?

## Við björgum því



Við verðum á Sjávarútvegssýningunni
í Smáranum sem hefst þann 13. september.
**Komdu og hittu okkur á bás P 52.**



### FPT bátavélar




### Doosan báta og skipavélar



ARG stöðugleikabúnaður



TMP báta- og bryggjukranar



Wesmar bógskrúfur



ZF gírar í báta og skip



Scam rafstöðvar og bátavélar



Hyundai báta- og skipavélar



Westerbeke ljósavélar



Heila, skipa- og bryggjukranar

**Ásafl ehf.**
Hjallahrauni 2, 220 Hafnarfirði

Sími: 562 3833
Opið 8:30 – 17 virka daga
asafl@asafl.is – asafl.is

Facebook **Ásafl**

Instagram **asafl.is**

Snapchat **asafl.is**

ÁSAFL 10 ÁRA 2007-2017


Hafið
hefur
kennt
okkur
LONG LINE
CAUGHT
VÍSIR
Hafið hefur kennt okkur auðmýkt
gagnvart náttúruöflunum og
ábyrgðartilfinningu gagnvart
lífríkinu. Hafið hefur kennt okkur
að hagnýta tæknina af virðingu
fyrir fiskum og mönnum.
Visirhf.is

# Lambakjöt í nýjum búningi

Icelandic Lamb hefur ásamt samstarfsaðilum sett á markað nýja vörulínu með umbúðum á ensku. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt lambakjöt er markaðssett til erlendra ferðamanna með þessum hætti hérlendis en vörurnar eru ekki síður stílaðar inn á Íslendinga.

Í kjölfar mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna á Íslandi hefur þörfin fyrir aðgengilegar umbúðir með alþjóðlegu yfirbragði fyrir íslenskt lambakjöt í verslunum hérlendis orðið aðkallandi. Icelandic Lamb hefur nú í samvinnu við Krónuna, Kjarval og Norðlenska brugðist við og sett á markað nýja vörulínu með umbúðum á ensku. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt lambakjöt er markaðssett til erlendra ferðamanna með þessum hætti hérlendis.

Á umbúðum vörulínunnar má finna uppskriftir að einföldum og fljótlegum réttum og miðast hráefnaúrvalið við algengt úrval í matvöruverslunum hér á landi segir Hafliði Halldórsson, verkefnastjóri hjá Icelandic Lamb. „Að mínu viti er lamb oftast hversdagsmatur og við viljum ekki flækja hlutina um of hér. Með þessari vörulínu viljum við stuðla að því að lamb verði oftar á borðum hversdags og einnig hvetja til aukinnar vöruþróunar í framsetningu lambakjöts.“



„Með þessari vörulínu viljum við stuðla að því að lamb verði oftar á borðum hversdags og einnig hvetja til aukinnar vöruþróunar í framsetningu lambakjöts,“ segir Hafliði Halldórsson, verkefnastjóri hjá Icelandic Lamb. MYND/STEFÁN

## Fimm vörur

Í fyrstu er boðið upp á fimm vörur sem allar eru unnar úr stórum lærum segir Hafliði. „Fyrst má nefna heilan innralærisvöðva sem er u.þ.b. 400 grömm. Vöðvinn er ætlaður til heilsteikingar í ofni eða á grilli og tekur allt að 30 mínútum í eldun. Þessi vara passar fyrir tvo fullorðna einstaklinga og hentar vel þegar fólk hefur rýmri tíma til undirbúnings. Hinar vörurnar eru allar u.þ.b. 200 g í pakka og þurfa eingöngu 5 mínútur eða skemmri eldunartíma: Lambasteikur, sem eru þunnar sneiðar sem henta t.d. í snöggsteikingu með steikarmeðlæti og sósum, mjaðmasteikur sem henta vel á grillið og í pönnusteikingu, lambamedalíur sem passa sem minni steikur og loks strimlar eða „stir fry“ sem eru sérlega góðir í alla fljóteldaða pönnurétti, til dæmis austurlenska wok-rétti sem taka 2-3 mínútur í eldun.“

## Líka fyrir heimamenn

Þótt vörurnar séu tilkomnar vegna fjölgunar ferðamanna eru þær ekki síður stílaðar inn á Íslendinga, segir Hafliði. „Við stílum vörulínuna inn á báða hópana og vonum að Íslendingar taki líka vel í hana. Hún er hins vegar merkt á ensku í takt við eftirspurn eftir vel merktum matvörum á ensku í verslunum og algjörlega í samræmi við markmið verkefnisins sem er að auka sölu á lambakjöti til erlendra ferðamanna.“

Hann bendir á að Vesturlandabúar, þ.m.t. Íslendingar, versli inn nánast daglega og í körfuna rati í vaxandi mæli vörur sem eru ófrosnar, fljóteldaðar og einfaldar í notkun með leiðbeiningum eða uppskriftum. „Þá er fjöldi heimila með einum eða tveimur einstaklingum sívaxandi og þessi hópur vill geta keypt smærri einingar og í leiðinni forðast matarsóun með kaupum á óþarflega stórum einingum.“

Við þróun vörulínunnar voru markaðsaðstæður kannaðar og þróun í neysluhegðun skoðuð segir Hafliði. „Við settum einnig saman hóp sérfræðinga um kjötskurð, matreiðslu og sölu til ráðgjafar um hvert skyldi stefnt. Okkar niðurstaða er sú að lambakjöt eigi mikið inni í vöruþróun, hafi setið eftir gagnvart öðrum kjöttegundum undanfarin ár og þetta verkefni var í kjölfarið þróað af okkur hjá Icelandic Lamb. Vöruþróunin hefur ef til vill ekki síst setið eftir varðandi hvernig fólk kaupir inn og hvernig fjölskyldur hafa minnkað. Nýja vörulínan er partur af endurkortlagningu dilksins til að auka vöruúrval og verðmæti íslensks lambakjöts.“

## Verðlaunað markaðsefni

Ef þetta verkefni Icelandic Lamb lukkast vel gæti næsta skref verið að setja fullunna vöru sem þessa í útflutning. „Hins vegar er útflutningur á frosnu lambakjöti þegar í gangi á ákveðna markaði á vegum sláturleyfishafa. Okkar áherslur snúa að því að hlúa sérstaklega að þeim mörkuðum sem eru vel borgandi en við erum til ráðgjafar við seljendur og kaupendur í því ferli og gefum leyfi til notkunar á vörumerki okkar og markaðsefni á ákveðnum mörkuðum að uppfylltum skilyrðum.Markaðsefni okkar hefur fengið verðlaun Félags íslenskra auglýsingateiknara 2016, tilnefningu til verðlauna „Arts Directors Club of Europe“ 2016 og tilnefningu til norrænna Emblu-matarverðlauna 2017.“



## Lamb „stir fry“ með spínati, kirsuberjatómötum og mango chutney

Uppskriftin er fyrir 1 og eldunartími er einungis 3 mínútur.

**1 pakki Lamb Stir-Fry**
**¼ rauðlaukur, sneiddur**
**5 kirsuberjatómatar, skornir í tvennt**
**2 msk. ólífuolía**
**1 msk. mango chutney**
**Spínat**

Steikið kjötið á háum hita í 2 mín. Bætið mango chutney í og hrærið saman, bætið rauðlauk og tómötunum við og eldið í 1 mín. til viðbótar. Kryddið til og berið fram með góðu spínati.





# Ósætt múslí í morgunmat

Staðgóður morgunverður þykir allra meina bót. Því saðsamari því betra veganesti út í daginn og því ólíklegra að falla í freistni þegar líður á.

Múslí eða Granóla inniheldur hafra, hnetur, fræ og aðra saðsama hollustu og ætti því að teljast upplagður morgunmatur. Það er hins vegar oftar en ekki uppfullt af viðbættum sykri, sem margir vilja forðast í upphafi dags. Því er ráð að búa til eigin múslí. Það vex kannski einhverjum í augum en er í raun sáraeinfalt.

Hér er uppskrift að múslí sem er alfarið laust við sykur og önnur sætuefni. Það bragðast best með ferskum ávöxtum eða berjum. Þeir sem þurfa meira sætubragð geta bætt við smávegis rúsínum eða döðlum.

**» Það er minna mál en margur heldur að búa til eigið múslí.**

## Heimagert sykurlaust múslí

Athugið að hlutföllin eru ekki heilög. Eins má nota aðrar hnetur eftir smekk.

**2 dl haframjöl**
**2 dl kókosmjöl eða kókosflögur**
**100 g möndlur**
**100 g pekanhnetur**
**100 g kasjúhnetur**
**1-2 msk. kanill**
**2-3 msk. kókosolía**

Stillið ofninn á 200 gráður. Hakkið hneturnar hæfilega með hníf eða örsnöggt í matvinnsluvél. Hellið í vítt eldfast mót. Bætið haframjöli og kókos við og hrærið. Dreifið kanil yfir ásamt nokkrum klípum af kókosolíu. Bakið í um það bil 20 mínútur eða þar til blandan er gullinbrún. Hrærið einu sinni til tvisvar í mótinu á meðan á bakstri stendur. Takið út og látið kólna. Hellið í lokað ílát. Geymist vel í 4-5 daga.

Múslíið er til dæmis gott út á saðsama gríska jógúrt. Það bragðast líka vel með ósætri möndlumjólk. Prófið endilega að borða það með eplum, bláberjum, rifsberjum eða öðrum ávöxtum og berjum. Þannig fæst fínasta næring út í daginn.



**Múslíið er án sykurs og sætuefna. Það bragðast best með ferskum ávöxtum eða berjum.**






## Fiskars-skærin fimmtíu ára

Hálf öld er síðan Finnska fyrirtækið Fiskars kynnti handhægu skærin með appelsínugula handfanginu til sögunnar. Olof Backström hannaði skærin og segja má að hann hafi brotið blað í hönnunarsögunni en þetta voru fyrstu skærin í heiminum með plasthandfangi. Þá þótti byltingarkennt hvað þau fóru vel í hendi.

Skærin voru einnig á viðráðanlegu verði og þóttu klippa jafn vel og dýrustu klæðskeraskæri sem voru úr þungum málmi. Olof leitaði í smiðju klæðskeraskæranna hvað varðar form sem hann steypti í plast. Blöðin voru gerð úr pressuðu stáli. Fram að þessu höfðu skæri ekki endilega verið sjálfsagður hluti áhaldanna á heimilum. Það breyttist með tilkomu Fiskars-skæranna.

Upphaflega áttu skærin að vera svört, græn og rauð. Sá sem blandaði plastið hafði nýlokið við að steypa appelsínugulan hlut og leifarnar af litnum í vélunum urðu til þess að fyrstu handföngin sem steypt voru urðu appelsínugul. Þegar starfsmenn Fiskars sáu þau var hætt við svarta litinn og sá appelsínuguli varð ofan á.

Yfir tvær milljónir Fiskars-skæra hafa selst á þessum fimmtíu árum og eru þau ein frægasta og viðfarnasta hönnun Finna. Í tilefni tímamótanna stendur nú yfir sýning í Helsinki Design Museum.

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

bilfang.is S.567 2000



**EINN EIGANDI !**
Porsche Cayenne Diesel 06/2012 ek 119 þ.km Leður , góð þjónusta Verð 6290 Þús ! Er á staðnum.



**FRÁBÆRT VERÐ !**
Landrover Discovery LR3 SE árg 2006 ek 138 þ.km 7 manna, leður, glerþak, verð nú 1990 þús !!!



**GOTT VERÐ !**
Honda CRV Lifestyle 07/2013 ek 49 þ.km , sjálfskiptur verð aðeins 3190 þús !!!



**GLÆSILEGUR !**
Chevrolet Silverado LTZ 1500 04/2007 ek 205 þ.km , Leður, lúga ofl, gott viðhald. Verð 2.390 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
SKODA Octavia Disel. Árgerð 2007, ekinn 154 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.162836.



**100% LÁN**
NISSAN X-TRAIL DÍSEL. Árgerð 2008, ekinn 201 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.100646.



**100% LÁN**
MMC Pajero Dísel GLX. Árgerð 2003, ekinn 269 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.136442.



**100% LÁN**
HONDA Accord EXE. Árgerð 2006, ekinn 161 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.136468.



**100% LÁN**
HONDA CRV. Árgerð 2005, ekinn 194 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 680.000. Rnr.159918.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

## Bílar til sölu



**VEITINGABÍLL**
Matarbíll allt nýtt,rafmagn,gas, tæki og innréttingar,fullur af græjum,ekinn 30þ. skoðaður 19. Verð aðeins 3.,5 uppl. 820-5181

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Greniúðun, sláttur og klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!



**SUZUKI** Grand vitara
**Verð: 2.990.000**
Árgerð: 2015 : Bensín
Ekinn: 98þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.302133.



**DACIA** Duster
**Verð: 1.290.000**
Árgerð: 2013 : Dísel
Ekinn: 211þ.km. : 6 gírar
Rnr.260652.



**FORD** Fiesta eco boost
**Verð: 1.990.000**
Árgerð: 2017 : Bensín
Ekinn: 22þ.km. : 5 gírar
Rnr.260569.



**MMC** Pajero
**Verð: 2.590.000**
Árgerð: 2008 : Dísel
Ekinn: 261þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.270933.



**HONDA** Xl 1000 varadero
**Verð: 1.050.000**
Árgerð: 2009 : Bensín
Ekinn: 33þ.km. : 6 gírar
Rnr.250612.



**HYUNDAI** I20
**Verð: 1.790.000**
Árgerð: 2017 : Bensín
Ekinn: 20þ.km. : Beinskiptur
Rnr.271052.

**bill.is**
Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**STOKKSEYRI.**

Til leigu iðnaðarbil 103 fm á Stokkseyri. Mikil lofthæð. Stórar innkeyrsludyr. Uppl. í s. 893 9777

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**

Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 899 7012 Sólbakki.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**Framtíðarstarf á líflegum vinnustað**

Leitum að kraftmiklum og áreiðanlegum starfsmönnum í almenna smur- og hjólbarðaþjónustu á þjónustuverkstæði okkar á **höfuðborgarsvæðinu.**

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af smurþjónustu
- Þjónustulipurð og samskiptahæfni

**Öll hjólbarðaverkstæði N1 hafa hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin.**

Nánari upplýsingar veitir Dagur Benónýsson, **dagur@n1.is**

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is**, merkt Framtíðarstörf.

N1

Hressan starfskraft vantar á daginn alla virka daga frá 11 - 13:00 í afgreiðslu, Pizza King í Skipholti 70. Uppl. í s: 864 7318



Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

**VIÐ ERUM AÐ TALA UM ÞIG**

MARGFALT SKEMMTILEGRI 365.is 365

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn kynferðisofbeldi.

Barnaheill Save the Children á Íslandi

# DEILISKIPULAG HÖNNUNARTEYMI

**Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir skipulagshönnuðum vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsvinnu innan bæjarmarkanna. Um ólík landsvæði er að ræða. Horft er til þess að þétta byggð innan bæjarins í þegar byggðum hverfum þar sem landrými er fyrir hendi.**

Meginmarkmið er að stuðla að betri nýtingu landsvæðis undir íbúðabyggð um leið og byggðamynstur hvers hverfis fyrir sig er haft að leiðarljósi. Enn fremur er um að ræða deiliskipulagsgerð á nýbyggingar- og iðnaðarsvæðum.

Krafa er um að aðilar hafi lokið meistaranámi í arkitektúr, landslagsarkitektúr, skipulagsfræði eða sambærilegu, og hafi reynslu af skipulagsgerð við áþekk verkefni og því sem hér um ræðir. Jafnframt hafi umsækandi löggildingu skv. 25. og 26. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Ef um hóp er að ræða skal a.m.k. einn úr hópnum uppfylla framangreind skilyrði.

Allir umsækjendur sem uppfylla hæfniskröfur koma til greina og verður dregið um þátttöku þeirra. Þegar fyrir liggur að vinna við deiliskipulag geti hafist hverju sinni verður dregið úr hópi þátttakenda til að tryggja fjölbreytni og jafnan möguleika. Einungis verður dregið meðal þátttakenda sem ekki hafa þegar hlotið verkefni úr fyrri útdrætti.

Umsækjendur skulu senda upplýsingar og gögn sem sýna fram á að hæfniskröfum sé mætt til Þormóðs Sveinssonar, skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar **thormodur@hafnarfjordur.is** í síðasta lagi 27. september 2017.

Reiknað er með að niðurstaða um þátttakendur liggi fyrir viku síðar.

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,VERKAMENN, MÚRARA, PÍPARA OG LAGERSTARFSMENN SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**






## Melgerðisás, Skarðshlíð og íþróttasvæði Þórs
## tillögur að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi

**Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar samhliða:**

**Skarðshlíð, Melgerðisás, þétting byggðar - breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018**

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 13. júlí 2017 samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í Hlíðahverfi.

Svæðið sem breytingum tekur nær yfir íbúðasvæðið við Skarðshlíð, frá Undirhlíð og að Litluhlíð og svo íbúðasvæðið á Melgerðisásnum og kvennfélagsreitinn. Breytingar eru gerðar á stærðum og afmörkunum landnotkunarreita fyrir íbúðasvæðin, stofnanasvæði Glerárskóla og opið svæði fyrir kvennfélagsreitinn. Opið svæði, skilgreint fyrir íþrótta- og æfingasvæði, er breytt í íbúðasvæði og reiturinn stækkaður.

**Melgerðisás og Skarðshlíð - deiliskipulag**

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. september 2017 samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Melgerðisás og Skarðshlíð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir Melgerðisás og Skarðshlíð að Hörgárbraut, frá Undirhlíð að sunnan og að Litluhlíð að norðan. Skipulagsmörkum deiliskipulags Hlíðahverfis, suðurhluta, er breytt til samræmis við afmörkun hins nýja deiliskipulags.

Deiliskipulagið skilgreinir m.a. nýjar lóðir, byggingarreiti og umferðarsvæði með það að markmiði að þétta byggð.

Við gildistöku mun deiliskipulag æfingasvæðisins við Skarðshlíð verða fellt úr gildi.

**Íþróttasvæði Þórs - deiliskipulagsbreyting**

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. septemer 2017 samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir íþróttasvæði Þórs skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin gerir m.a. ráð fyrir að æfingasvæði kastgreina verði komið fyrir í suðausturhorni svæðisins. Breyting er gerð á aðkomu og bílastæðum.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 13. september til 25. október 2017 svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is undir: Auglýstar skipulagstillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út **kl. 16:00 miðvikudaginn 25. október 2017** og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagssviðs Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagssvid@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

*13. september 2017*

*Sviðsstjóri skipulagssviðs*

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

unar taldi um 41 prósent fyrirtækja sig búa við skort á starfsfólki.

Ari Skúlason, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, segir að þrátt fyrir að stjórnendur fyrirtækja telji sig búa við starfsmannaskort sé greinilegt að fyrirtækin lifi vel af. „Væntanlega er staðan sú hjá þeim sem svara könnununum að þeir telja betra að hafa fleiri hendur til þess að vinna verkin. En svo er ekki raunin. Það þýðir að vinnutíminn verður lengri og í mörgum tilfellum er meira að gera. Það er kannski ekki alltaf hentugasta lausnin. Hún væri sú að hafa fleiri hendur til að vinna verkin, en það er ekki alltaf hægt.“

**Dregur úr spennunni**

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar fyrir annan fjórðung ársins hægði nokkuð á þeim kröftuga vexti sem hefur verið á vinnumarkaði undanfarin misseri. Heildarvinnustundum fjölgaði um 2,1 prósent sem er töluvert minni vöxtur en Seðlabankinn hafði búist við. Að teknu tilliti til árstíðar minnkaði atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi var lægra en á fyrsta fjórðungi ársins, en þá voru hlutföllin við eða nálægt hæstu gildum frá því fyrir efnahagsáfallið 2008.

Eftir sem áður er atvinnuþátttakan nálægt sögulegum hæðum, en um 84 prósent af heildarmannfjölda á vinnualdri hafa verið virk á vinnumarkaði síðustu tólf mánuði, og atvinnuleysi sögulega lágt eða um 2 prósent samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar.

Ari segist eiga von á því að það dragi nokkuð úr spennunni á vinnumarkaði á næstunni. Undir það hafa greiningardeildir bankanna sem og fleiri sérfræðingar tekið. „Hagvöxtur var verulegur í fyrra og verður mikill í ár en við reiknum síðan með því að hann minnki og þá mun draga úr spennunni samhliða því. Fer hún þá að nálgast eðlilegt langtímajafnvægi,“ nefnir Ari.

Hann segir fyrst og fremst tvær atvinnugreinar, ferðaþjónustuna og byggingariðnaðinn, hafa borið aukningu vinnuaflsins uppi. „Við sjáum fram á að vöxtur ferðaþjónustunnar verði minni en verið hefur og það sama má segja um byggingariðnaðinn. Það hefur mikið verið byggt af hótelum og atvinnuhúsnæði og sú þörf, sem var fyrir hendi, fer væntanlega að verða betur uppfyllt en áður. Þannig að við nálgumst nú betra jafnvægi.“

Ingólfur segir að af gögnum Hagstofunnar megi ráða að farið sé að draga úr vexti eftirspurnar eftir vinnuafli samfara því að hægst hafi á vexti hagkerfisins.

„Hægari vöxtur er í sjálfu sér það sem hagkerfið og vinnumarkaðurinn þurfa til þess að forðast ofhitnun,“ segir hann.

Enn sem komið er segir Ingólfur hagvöxtinn vera hraðan og spennuna talsverða í hagkerfinu. Það sé sérstaklega sýnilegt á vinnumarkaði þar sem atvinnuleysi sé mjög lítið og atvinnuþátttaka með því hæsta sem mælst hefur.

„Ef maður rýnir í þá hagvísa sem geta veitt okkur vísbendingar um hver þróunin verður á næstu misserum, þá reikna ég með að við munum sjá snúningspunktinn tiltölulega fljótt, á næsta eða þar næsta ári, og mun þá atvinnuleysið sennilega rísa aftur og atvinnuþátttakan minnka. Við erum að nálgast hápunktinn.“ Hagvöxtur komandi missera verði ekki það mikill að hann geti haldið atvinnuleysinu áfram eins lágu og verið hefur.

## Tölur um erlent vinnuafl líklega vanmetnar

Katrín Ólafsdóttir segir ýmislegt benda til þess að fjöldi erlendra starfsmanna, sem komi hingað til lands til að vinna, sé vanmetinn í opinberum tölum. Svo virðist sem margir þeirra séu ekki skráðir í þjóðskrá, en úrtak vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar nær aðeins til þeirra sem skráðir eru í þjóðskrá.

Hún bendir meðal annars á að samkvæmt opinberum hagtölum hafi framleiðni vinnuafls aukist um ríflega 4 prósent í fyrra sem sé langt umfram framleiðnivöxt síðustu ára og „út úr kortinu“. Seðlabankinn hefur tekið undir þetta, en í haustheftí Peningamála kom meðal annars fram að líklegt væri að vöxturinn væri ofmetinn vegna vanmats á fjölda erlendra starfsmanna sem hafa komið til landsins undanfarin misseri. Er talið að framleiðni vinnuafls aukist um 1,5 prósent í ár.

„Það virðist vera sem svo að við náum ekki utan um skráningar á erlendu vinnuafli. Kannski er það vegna þess að við erum ekki að mæla rétt en einnig er mögulegt að eitthvað ólöglegt sé í gangi. Það er engin leið að segja til um það,“ nefnir Katrín.

### Aldrei fleiri útlendingar á vinnumarkaði




Heimild: Vinnumálastofnun

**Hægari vöxtur er í sjálfu sér það sem hagkerfið og vinnumarkaðurinn þurfa til þess að forðast ofhitnun.**

Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins



**Hagvöxtur var verulegur í fyrra og verður mikill í ár en við reiknum síðan með því að hann minnki og þá mun draga úr spennunni samhliða því.**

Ari Skúlason, hagfræðingur í hagfræðideild Landsbankans



**Ef ekki hefði verið fyrir erlenda vinnuaflið værum við í allt annarri stöðu. Launaskrið og verðbólga hefðu þá gert vart við sig og okkur hefði ekki tekist að þjóna öllum þeim ferðamönnum sem hér eru.**

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík



VIÐ PRENTUM

TÍMARIT



Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að rammasamningi Ríkiskaupa og rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

**Hafðu samband við viðskiptastjóra okkar í síma 5 950 300 og við komum þínum hugmyndum í framkvæmd.**

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

WWW.ISAFOLD.IS

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA SUÐURHRAUNI 1, 210 GARÐABÆ — PRENTUN Í 140 ÁR

# Skotsilfur

## Þórdís Lóa hætt

**Þórdís Lóa Þórhallsdóttir** lét nýverið af störfum sem forstjóri rútu- og ferðaþjónustufyrirtækisins Gray Line á Íslandi. Við starfinu tók Sigurdór Sigurðsson, annar stofnenda fyrirtækisins og einn af eigendum þess. Þórdís Lóa var ráðin forstjóri Gray Line í ágúst í fyrra en áður gegndi hún meðal annars forstjórastarfi Pizza Hut á Íslandi og í Finnlandi. Eins og kunnugt er náðist í síðasta mánuði samkomulag um sameiningu ferðaþjónustufyrirtækjanna Iceland Travel, sem er að fullu í eigu Icelandair Group, og Gray Line, sem er í eigu Sigurdórs, Þóris Garðarssonar og sjóðsins Akurs fjárfestinga í stýringu Íslandssjóða.



## Oftúlkuð áhrif?

Fræg eru ummæli **Jóns Björnssonar**, forstjóra smásölurisans Festar, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum Krónunnar, frá því í lok apríl um að menn séu að oftúlka áhrifin af verslun Costco á markaðinn. Athyglisvert er að setja ummælin í samhengi við forsíðufrétt Fréttablaðsins fyrir viku þar sem greint var frá því að olíufélagið N1 fer fram á að greiða lægra verð fyrir allt hlutafé Festar en áður var gert ráð fyrir. Þar vegur þyngst að afkoma Krónunnar undanfarið hefur verið nokkuð undir áætlunum. Er versnandi afkoma sögð endurspegla sölusamdrátt hjá Krónunni eftir að, jú, Costco opnaði verslun sína.



## Skorað á Þórdísi

Nýr varaformaður Sjálfstæðismanna verður kosinn á landsfundi flokksins í nóvember. Enginn hefur enn gefið kost á sér en þó hafa nokkur nöfn verið nefnd í umræðunni. Orðrómur er innan flokksins um að Guðlaugur Þór Þórðarson horfi hýru auga til embættisins og er staða hans metin nokkuð sterk. Nafn **Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur** ber hins vegar allra nafna hæst um þessar mundir. Þannig var hún hvött til þess að gefa kost á sér með dynjandi lófaklappi á afar fjölmennu sambandsþingi ungra Sjálfstæðismanna um síðustu helgi.



# Verðbólga ekki meiri í fimm ár




Verðbólga jókst í Bretlandi í ágústmánuði og hefur ekki mælst meiri í fimm ár. Verðbólgan mældist 2,9 prósent í mánuðinum samanborið við 2,6 prósent í júlí. Mikil gengislækkun breska pundsins á undanförnum misserum og hækkandi olíuverð skýra verðbólguaukninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hundraða milljarða gat



**Sigurður Hannesson,** framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Innviði landsins þarf að þróa og uppfæra í takt við þarfir samfélagsins og framtíð þess. Sú uppbygging er forsenda þess að atvinnulíf blómstri um land allt. Þetta á við um samgöngur, fjarskipti, gagnatengingar og raforku. Á síðustu árum hefur fjárfesting í innviðum verið of lítil og það mun bitna á okkur í framtíðinni verði ekki bætt í. Samkeppnishæfni Íslands er í húfi enda verðum við að standa jafnfætis öðrum ríkjum sem við viljum bera okkur saman við til að ná þeim lífskjörum sem sóst er eftir. Þess vegna er sérstaklega jákvætt að sjá forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar setja þessi mál í forgang fyrir komandi þingvetur en ljóst er að stórátak þarf til.

Samtök iðnaðarins vinna að úttekt á stöðu innviða landsins. Heildstæð og ítarleg úttekt af því tagi hefur ekki verið gerð fyrr hér á landi svo vitað sé til en þessi vinna á sér erlendar fyrirmyndir. Ljóst er að fjárfesta þarf fyrir hundruð milljarða króna svo innviðir landsins séu nægilega sterkir og styðji við framtíðarvöxt.

**Brýn verkefni um land allt**

Innviðaverkefnin eru fjölmörg. Nægir að nefna að víða um land eru hættulegir vegakaflar og á hringveginum eru enn hátt í 40 einbreiðar brýr. Margoft hefur komið fram að á höfuðborgarsvæðinu þurfi að bæta samgöngur talsvert.

Heilmikil raforka nýtist ekki sökum þess að flutningskerfi raforku er ófullkomið. Með því að bæta úr því væri raforka ekki eingöngu tryggari um land allt heldur yrðu til verðmæti í orku sem ella fer til spillis.

Þá þarf að bæta gagnatengingar á landsbyggðinni verulega og það er öryggismál fyrir landsmenn að annar gagnastrengur verði lagður til útlanda. Gögn eru helsta hrávara fjórðu iðnbyltingarinnar en hún snýst að miklu leyti um söfnun þeirra og úrvinnslu. Verðmæti gagna eru mikil og því munu gagnatengingar skipa ríkari sess með tímanum.

> **Þetta minnir okkur svo sannarlega á að framkvæmdir á vegum hins opinbera geta tekið óralangan tíma.**

**Samstarf nauðsynlegt**

Það er morgunljóst að einkaaðilar verða að koma að uppbyggingu innviða hér á landi. Hið opinbera getur ekki eitt og sér staðið að framkvæmdum upp á hundruð milljarða á næstu árum. Innlendir jafnt sem erlendir fjárfestar eru áhugasamir um innviðauppbyggingu hér á landi. Þekking á rekstri slíkra verkefna hefur byggst upp hér og nægir þar að nefna fyrirtækið Spöl og Hvalfjarðargöngin.

Til að setja þetta í samhengi er það rifjað upp að á 1100 ára afmæli byggðar í landinu var þjóðargjöfin Þjóðarbókhlaðan vestur á Melum. Raunar á bygging hússins sér lengri aðdraganda en framkvæmdir hófust árið 1978. Tuttugu árum eftir hin miklu tímamót, eða 1. desember árið 1994, var Þjóðarbókhlaðan tekin í notkun. Kostnaðurinn nam 2,5 milljörðum sem er um 8,4 milljarðar framreiknað með byggingavísitölu. Þetta minnir okkur svo sannarlega á að framkvæmdir á vegum hins opinbera geta tekið óralangan tíma, jafnvel þótt kostnaðurinn sé ekkert í líkingu við uppsafnaða þörf. Slíkan tíma höfum við ekki til stefnu þegar kemur að innviðum Íslands.

**Núna er rétti tíminn**

Á næstu árum mun draga úr hagvexti samkvæmt spám Seðlabanka Íslands. Þar með skapast svigrúm til framkvæmda. Þessu til viðbótar þarf hvort sem er að fjárfesta til að styðja við framtíðarvöxt. Niðurstöður nýlegra útboða í gatnagerð á höfuðborgarsvæðinu benda til þess að nú sé hagstætt að ráðast í framkvæmdir. Það er ekki eftir neinu að bíða.

# Jafnrétti kynjanna er málefni kvenna og karla



**Eva Magnúsdóttir,** formaður LeiðtogaAuðar og FKA-félagskona

„Þú skalt aldrei gifta þig, Eva mín, þá ræðurðu ekki framtíðinni, farðu í háskóla!“ Þetta sagði föðuramma mín, sem fæddist árið 1900, við mig tíu ára gamla. Þarna talaði sú aldna af reynslu síns tíðaranda. Ég fylgdi ekki alfarið ráði ömmu minnar því ég gifti mig en fer með jöfnu millibili í háskóla. En þarna í stofunni hjá henni kviknaði áhugi minn á tvennu; háskólamenntun og jafnrétti kynjanna og hef ég lagt mig fram um að hvetja stúlkur og konur til góðra verka síðan.

Hvatning og efling stúlkna og kvenna hefur allt frá hippatímabilinu verið í umræðunni og sýnist sitt hverjum um stöðuna nú. Flestir eru þó á því að það halli frekar á konur og hugsanlega er jafnrétti ekki náð ef við þurfum ennþá að ræða það. Árið 1999 var átakinu AUÐUR í krafti kvenna hleypt af stokkunum til að efla konur í atvinnulífinu. Þegar verkefninu lauk í janúar 2003 höfðu 1.480 konur tekið þátt í AUÐI og ómældur fjöldi notið ávaxtanna af þeim sex þáttum sem AUÐUR bauð; FjármálaAUÐUR, FrumkvöðlaAUÐUR, FramtíðarAUÐUR, LeiðtogaAUÐUR, AUÐARdætur með í vinnuna og AUÐARverðlaunin. Síðan hefur vegur kvenna aukist nokkuð á vinnumarkaði.

LeiðtogaAuður lifði og er nú deild innan Félags kvenna í atvinnulífinu með þann tilgang að efla tengsl kvenna í leiðtoga- og stjórnunarstörfum hjá íslenskum fyrirtækjum. Nú verður hleypt af stokkunum verkefni sem lýtur að þjálfun og leiðsögn leiðtoga á meðal ungra og efnilegra kvenna í atvinnulífinu. Settur hefur verið saman samstarfshópur sem ásamt FKA framtíð ætlar að móta starfið en FKA framtíð er nefnd innan FKA. Nefndin er sameiningarafl fyrir ungar og efnilegar konur í atvinnulífinu. Markmiðið með verkefninu er að konur sem náð hafa þroska og frama á vinnumarkaði leiðbeini ungum, efnilegum konum, þjálfi þær og efli með þeim leiðtogahæfileika þeirra.

> **Til að breyta heimsmyndinni til frambúðar þarf jafnréttisfræðsla þó að hefjast miklu fyrr, jafnvel á leikskólastiginu.**

Til að breyta heimsmyndinni til frambúðar þarf jafnréttisfræðsla þó að hefjast miklu fyrr, jafnvel á leikskólastiginu og framleiðendur leikfanga þurfa að hætta að skilgreina hlutverkin með litum. Jafnrétti kynjanna er ekki bara málefni kvenna; bræður, eiginmenn, feður og afar vilja almennt veg sinna kvenna sem mestan.

# Nýir leikendur á fjármálamarkaði



**Friðrik Þór Snorrason**
forstjóri RB

Á næsta ári taka gildi innan ESB ný lög um greiðsluþjónustu (e. PSD2) sem eru nokkuð byltingarkennd.

Með tilkomu PSD2 er verið að greina á milli framleiðslu og dreifingar fjármálaþjónustu. Í raun er verið að opna markaðinn með svipuðu móti og gert var með fjarskiptamarkaðinn á tíunda áratug síðustu aldar. Opnun fjarskiptamarkaðarins hafði gríðarleg áhrif á vöruframboð og verð fjarskiptaþjónustu innan Evrópu. Þannig minnkaði markaðshlutdeild gömlu ríkisreknu símafyrirtækjanna víðast hvar um helming eða meira og einingarverð að meðaltali um meira en 60%.

Það væri hins vegar óráðlegt að heimfæra þróunina af fjarskiptamarkaði 100% yfir á fjármálamarkaðinn þar sem mun meiri samkeppni hefur ríkt á fjármálamarkaði en var við opnun fjarskiptamarkaðarins og sölu ríkissímafyrirtækja til einkaaðila. Sérfræðingar spá því þó að breytingin verði mikil. Þannig eigi leikendum í greiðslumiðlun eftir að fjölga og þeir muni byggja viðskiptamódel sín á allt öðrum tekjugrunni en bankar og kortafyrirtæki gera í dag. Í stað þess að treysta á tekjur af færslugjöldum, árgjöldum, kortalánum og yfirdráttarvöxtum munu hinir nýju leikendur líklega byggja viðskiptamódel sín á vinnslu og notkun gagna (t.d. auglýsingar sem birtast með reikningsyfirlitum). Því má búast við að færslu- og þóknunargjöld banka verði undir þrýstingi á komandi árum og hafa sérfræðingar spáð því að þau gætu lækkað frá 40% upp í 80%, en þessar tekjur eru um 20-25% af tekjum viðskiptabanka innan Evrópu.



**Til langtíma stendur íslenskum fjármálafyrirtækjum meiri ógn af erlendum stórfyrirtækjum en nýjum innlendum keppinautum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Fjórar sviðsmyndir**

Ef við spyrjum okkur hverjir nýju leikendurnir á fjármálamarkaðnum gætu orðið, þá er gott við skoða það út frá tveimur víddum. Í fyrsta lagi, hvort leikendur á markaðnum verði fyrst og fremst innlendir aðilar eða hvort markaðurinn einkennist í auknum mæli af því að til sé að verða einn sameiginlegur markaður fyrir greiðsluþjónustu innan EES. Í öðru lagi hvort leikendur á markaði verði áfram fyrst og fremst hefðbundin fjármálafyrirtæki eða hvort nýir leikendur byrji að skapa sér stöðu á greiðslumarkaðnum eftir að PSD2 tekur gildi.

## PSD2 í hnotskurn

- Skilgreinir tvo nýja leikendur í greiðsluþjónustu:
  - Greiðsluvirkjendur sem mega framkvæma greiðslur beint af innlánareikningum banka.
  - Upplýsingaþjónustuveitendur sem mega safna saman fjárhagsupplýsingum beint af innlánareikningum banka.
- Enginn samningur þarf að vera til staðar á milli bankans og þjónustuaðilans.
- Samþykki viðskiptavinarins dugar.
- Engin viðbótargjöld má innheimta af þjónustuveitandanum né viðskiptavini bankans.
- Bankar skulu veita aðgengið í gegnum opin, stöðluð þjónustuskil.
- Starfsréttindi í einu ríki innan EES veita réttindi til að bjóða þjónustu í öllum EES-löndum.

**Út frá þessum tveimur víddum má sjá fyrir sér fjórar sviðsmyndir:**

- Óbreyttur markaður þar sem núverandi leikendur, bankar og færsluhirðar, verða áfram allsráðandi í veitingu greiðsluþjónustu.
- Opinn innlendur markaður þar sem nýir innlendir leikendur, sprotafyrirtæki, fjarskiptafyrirtæki eða jafnvel verslunarkeðjur byrja að marka sér stöðu á markaðnum.
- Opinn alþjóðlegur markaður þar sem erlend fjártæknifyrirtæki, tæknifyrirtæki og netverslanir byrja að bjóða greiðsluþjónustu hér á landi.
- Stórir alþjóðlegir bankar verða allsráðandi á markaði hér á landi sem erlendis.

